

Svansvottun á  
**hótelum, veitingastöðum og ráðstefnusölum**



**Útgáfa 4.3 • 23. október 2013 - 31. desember 2018**



# Efnisyfirlit

Hvað er Svansvottað hótél, veitingahús eða ráðstefnuaðstaða? .....	2
Af hverju að velja Svansvottun? .....	2
Hvað getur verið Svansvottað?.....	2
Hvernig á að sækja um?.....	3
Hvað þarf að uppfylla til að fá Svansvottun? .....	5
<b>1 Lágmarkskröfur .....</b>	<b>7</b>
1.1 Almenn lýsing .....	7
1.2 Birgjar .....	7
1.3 Viðmiðunargildi .....	8
1.4 Orkunotkun .....	11
1.5 Kemísk efni .....	15
1.6 Vatnsnotkun.....	19
1.7 Úrgangsmál .....	19
1.8 Innkaup.....	21
1.9 Þjónusta matar og drykkjar .....	23
1.10 Flutningar .....	25
1.11 Verkferli.....	26
<b>2 Matvæli .....</b>	<b>27</b>
<b>3 Hótelherbergi.....</b>	<b>32</b>
<b>4 Sundlaugar .....</b>	<b>33</b>
Markaðssetning .....	33
Svansmerkið.....	33
Eftirlit með Svansvottun .....	34
Hversu lengi gildir Svansvottun?.....	34
Nýjar kröfur .....	34
Viðauki 1 Upplýsingar um fyrirtækið .....	35
Viðauki 3 Kemísk efni fyrir hótél, veitingastaði og ráðstefnusali .....	39
Viðauki 4 Orkureiknivél Svansins og útreikningar á orkunotkun og losun koltvíoxíðs.....	40
Viðauki 5 Leiðbeiningar til að meta sjálfbærni vottun á fiski og skelfiski.....	42
Viðauki 6 Matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu.....	44

## Heimilisföng

Árið 1989 ákvað Norræna ráðherranefndin að stofna valfrjálst opinbert umhverfismerki, Svaninn. Neðangreind samtök/fyrirtæki sjá um rekstur Svansins í umboði stjórnvalda í hverju landi. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunum:

### Í Danmörku

Ecolabelling Denmark  
Danish Standards Foundation  
Portland Towers  
Göteborg Plads 1  
DK-2150 Nordhavn  
Sími: +45 72 300 450  
Fax: +45 72 300 451  
info@ecolabel.dk  
www.ecolabel.dk

### Í Finnlandi

Ecolabelling Finland  
Box 489  
FI-00101 HELSINKI  
Sími: +358 424 2811  
Fax +358 424 281 299  
joutsen@motiva.fi  
www.ecolabel.fi

### Ísland

Norræn  
umhverfismerking á  
Íslandi  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
IS-108 REYKJAVIK  
Sími: +354 591 20 00  
Fax: +354 591 2020  
svanurinn@ust.is  
www.svanurinn.is

### Noregur

Ecolabelling Sweden  
Henrik Ibsens gate 20  
NO-0255 Oslo  
Sími: +47 24 14 46 00  
Fax: +47 24 14 46 01  
[info@svanemarket.no](mailto:info@svanemarket.no)  
[www.svanemarket.no](http://www.svanemarket.no)

### Svíþjóð

Ecolabelling Sverige AB  
Box 38114  
SE-100 64 Stockholm  
Sími: +46 8 55 55 24 00  
Fax: +46 8 55 55 24 01  
svanen@svanen.se  
www.svanen.se

Skjal þetta má eingöngu afrita í heild sinni og án allra breytinga.

Leyfilegt er að vitna í skjal þetta svo fremi sem Svansvottunar er getið sem heimildar.

## Hvað er Svansvottað hótél, veitingahús eða ráðstefnuaðstaða?

Svansvottað hótél, veitingahús eða ráðstefnuaðstaða hefur gert heildræna greiningu á sínum umhverfismálum og staðist kröfur Svansins. Þau vinna auk þess að því að koma á sjálfbæru samfélagi með aðstoð Svanssins.

Starfsfólk þessara staða starfar á mörgum sviðum við að draga úr umhverfisáhrifum. Til að fá Svansvottun verður starfsemi t.d. að uppfylla mörg viðmiðunargildi. Orkunotkun er einn af þeim þáttum sem hefur hvað mest umhverfisáhrif í starfsemi. Fyrirtækin starfa markvisst að því að draga t.d. úr úrgangi, vatnsnotkun og takmarka notkun kemískra efna. Einnig gæta þau þess að nota umhverfismerktar vörur þar sem því er viðkomið.

Veitingahús sem eru Svansvottuð uppfylla strangar kröfur um innihaldsefni og hráefni sem keypt eru inn og notuð.

Fyrirtæki sem er Svansvottað hefur skýra verkferla í meginstarfsemi sinni. Ákveðin verkferli og reglur gilda t.d. um hvaða vörur má og má ekki kaupa ásamt því að starfsfólk er meðvitað um umhverfismál.

## Af hverju að velja Svansvottun?

- Svansvottað hótél, veitingahús og ráðstefnusalir geta notað Svansmerkið við markaðssetningu á þjónustu sinni. Svanurinn er mjög vel þekktur og hefur verið vel kynntur innan Norðurlandanna.
- Svansvottun er hagkvæm og einföld leið til að kynna umhverfismál fyrirtækisins og skuldbindingar þess á því sviði fyrir viðskiptavinum og birgjum.
- Með umhverfisvænni starfsemi gefst oft tækifæri til að lækka kostnað, t.d. með því að draga úr orkunotkun, notkun kemískra efna og vatnsnotkun ásamt því að minnka magn úrgangs.
- Umhverfisvænni rekstur undirbýr fyrirtækið undir strangari umhverfiskröfur í framtíðinni.
- Umhverfismál eru flókin og langan tíma getur tekið að skilja ákveðna þætti. Svanurinn nýtist sem leiðarvísir í þessari vinnu.
- Svanurinn setur ákveðnar kröfur á starfseminna frá sjónarhóli umhverfisins og leggur fram tillögur um úrbætur. Því er auðvelt að nota Svaninn sem tæki til að ná langtíma umhverfismarkmiðum fyrirtækis.

## Hvað getur verið Svansvottað?

Hótél, veitingahús og ráðstefnuaðstaða (sjá skilgreiningar hér að neðan) geta fengið Svansvottun.

### Hótél og farfuglaheimili

Öll fyrirtæki sem bjóða gistingu geta fengið Svansvottun. Þetta á við almennt um hótél og farfuglaheimili.

## Veitingahús

Veitingahús nær yfir alla starfsemi sem býður tilbúinn mat á staðnum. Þetta felur í sé veitingahús, mótuneyti, kaffiteiur, götueldhús og kaffihús auk mótuneyta í skólum, á sjúkrahúsum o.s.frv. Veitingaþjónustur og veitingahús sem selja mat út úr húsi (take-away) geta einnig fengið Svansvottun.

Meginhlutverk fyrirtækisins skal vera að matreiða og bjóða viðskiptavinum mat.

## Ráðstefnuaðstaða

Ráðstefnuaðstaða er skilgreind sem samsett þjónusta sem felur í sér fyrirlestrarsal, fundarsal eða samkomusal með mismunandi stuðningsþjónustu sem gerir viðskiptavininum kleift að skipuleggja ráðstefnu með t.d. fyrirlestrum, fundum, miðlun upplýsinga og umræðum þar sem megin tekjurnar koma frá slíkri starfsemi.

Ráðstefnuaðstaða vísar ekki til fyrirtækja sem fá megin tekjur sínar frá annarri starfsemi en sem tengist fyrirlestrum, námskeiðum, upplýsingamiðlun eða umræðum (eins og vegna einstakra sýninga, leiksýninga eða tónlistaratburða o.s.frv.). Hins vegar er mögulegt að Svansvotta ráðstefnuaðstöðu sem t.d. hefur að geyma sýningarsal eða tónleikasal. Ekki er mögulegt að fá einstaka ráðstefnu eða viðburð (t.d. árleg sýning) Svansvottaða.

## Samsett starfsemi

Ef mismunandi starfsemi er innan sama fyrirtækis eða er markaðssett sem ein heild, verður Svansvottunin að ná yfir alla starfsemina. Í töflu 1 er yfirlit yfir kröfur sem slík fyrirtæki skulu uppfylla.

Ráðstefnuaðstaða án gístaðstöðu getur einungis fengið Svansvottun ef hún felur í sér svansvottaða veitingaþjónustu, annað hvort rekna af ráðstefnufyrirtækinu sjálfu eða með samningi við undirverktaka. Reki ráðstefnuaðstaðan sína eigin veitingaaðstöðu, þarf að uppfylla allar kröfur sem koma fram hér á eftir. Ef gerður hefur verið samningur við undirverktaka um að sjá um veitingar, verður hann að reka Svansvottaðan veitingastað.

## Starfsemi með heilsulind (Spa)

Ef fyrirtæki býður upp á heilsulind (Spa), skal taka starfsemi heilsulindarinnar með í kröfur um viðmiðunargildi fyrir orkunotkun (skyldubundin krafa) og vatnsnotkun (valkvæð krafa). Athugið að ekki er hægt að Svansvotta heilsulind, jafnvel þótt orkunotkun sé tekin með, vegna þess að kröfurnar taka ekki til þeirra heilsumedferða sem er boðið uppá í heilsulindinni.

## Landfræðilegar takmarkanir

Einungis fyrirtæki sem eru staðsett á Norðurlöndunum eða í Eystrasaltsríkjunum geta fengið Svansvottun.

Gistirými/veitingastaðir/ráðstefnusalar á skemmtiferðaskipi/ferju/lest geta ekki fengið Svansvottun.

## Hvernig á að sækja um?

Senda skal umsóknareyðublað til skrifstofu Svansins í viðkomandi landi. Umsóknir frá löndum þar sem engin slík skrifstofa er til staðar má senda til annarrar norrænnar skrifstofu

sem sér um Svaninn. Umsóknin skal samanstanda af útfylltu umsóknar-eyðublaði og skjölum sem staðfesta að kröfur séu uppfylltar.

Til að reikna út viðmiðunargildi fyrir orku og koltvíoxíð er notuð orkureiknivél Svansins. Orkureiknivélin er aðeins aðgengileg á innri vef „My Swan Account“ sem er úthlutað eftir að umsóknarferlið er hafið.

### Rafræn umsókn

Auðveldast er að sækja um í gegnum rafrænar umsókn, sem finna má á vefsíðum Svansskrifstofa í hverju landi fyrir sig. Á Íslandi er sótt um svaninn á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Um leið og skrifstofa Svansins hefur fengið umsókn, fær viðkomandi aðgang að rafrænum leiðbeiningum „My Swan Account“ með aðgangsorði sem er virkt í þann tíma sem umsóknarferlið stendur yfir. Þegar vottun hefur fengist, er gildistími aðgangsins framlengdur og rennur ekki út svo lengi sem viðmiðin eru gild.

Til að skrá kröfu um kemískar vörur sem ekki eru umhverfismerktar, er mælt með því að framleiðendur/birgjar noti leiðbeiningabækling Svansins, á innri vef „My Swan Account“ en aðgang að honum er hægt að fá hjá skrifstofu Svansins.

Sumar kröfur vísa til viðauka sem má nota til að skrá og staðfesta uppfylltar kröfur. Viðaukarnir eru aftast í þessu skjali.

Við notkun leiðbeininga um rafræn skil, verður að hlaða niður skjölum, sem sýna að krafa er uppfyllt, í gegnum netið. Einnig er mögulegt að prenta út skýrslu með leiðbeiningum.

### Mismunandi kröfur

Viðmið fyrir hótél, veitingahús og ráðstefnuaðstöðu eru annars vegar skyldubundnar kröfur og hins vegar valfrjálsar kröfur sem gefa stig. Uppfylla skal allar skyldubundnar kröfur.

Stig uppfylltra krafna eru lögð saman og þegar ákveðnum fjölda stiga er náð, er Svansvottun veitt.

### Tákn sem notuð eru í kröfutextanum

Fyrir hverja kröfu er útskýrt hvernig hún skuli vera uppfyllt. Í textanum eru leiðbeinandi tákn. Þessi tákn eru:

☒ Sýnir hvaða skjölum þarf að skila

Ⓟ Vettvangsskoðun

### Vettvangsskoðun

Á meðan á umsóknarferlinu stendur, framkvæmir skrifstofa Svansins úttekt á vettvangi til að tryggja að kröfurnar séu uppfylltar. Í úttektinni verða gögn sem sýna fram á að skilyrði séu uppfyllt að vera tiltæk. Þetta eru gögn notuð í útreikningum; frumrit af innsendum vottorðum, niðurstöður prófana, tölfræði yfir innkaup o.s.frv.

### Kostnaður

Gjald er tekið fyrir umsókn um Svansvottun. Ákveðið hlutfall af veltu Svansvottaðs hótels/veitingahúss/ráðstefnuaðstöðu leggst ofan á gjaldið árlega.

## Spurningar

Öllum spurningum um kröfur og umsóknarferlið er svarað með ánægju. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Svansins ef spurningar vakna, sjá heimilisföng á bls. 1.

## Hvað þarf að uppfylla til að fá Svansvottun?

Að fá Svansvottun:

- Skila verður inn lágmarksupplýsingum um fyrirtækið, sjá kafla 1.1. Skýrsla um orkunotkun, vatnsnotkun, magn óflokkaðs úrgangs, efnanotkun, innkaup og fjölda gesta verður að ná til síðustu 12 mánaða eða alls síðasta árs. Í sumum tilvikum getur skrifstofa Svansins samþykkt mat á árlegri notkun byggða á tölfræðigögnum frá dæmigerðum mánuði/viku. Sjá sértækar kröfur fyrir nánari upplýsingar.
- Kröfur um viðmiðunargildi fyrir orku þarf að uppfylla, sjá kafla 1.3.
- Ennfremur þarf að uppfylla 1 af 2 kröfu viðmiðunargilda (fyrir vatn eða úrgang), sjá kafla 1.3.
- Fyrirtæki þurfa að uppfylla allar aðrar skyldubundnar sér kröfur fyrir viðkomandi starfsemi, sjá töflu 1.
- Fyrirtæki verður að ná að minnsta kosti 35% af heildar stigafjölda, sjá samantekt stiga í töflu 1.
  - veitingastaðir verða að ná a.m.k. 5 stigum samkvæmt, sjá nánar í kafla 2 “Matur”.
- Skrifstofa Svansins verður að framkvæma úttekt til að tryggja að kröfur séu uppfylltar.

Tafla 1 gefur yfirlit yfir hvaða kröfur fyrirtæki og fyrirtæki með mismunandi samsetta starfsemi þarf að uppfylla, hvaða kröfur um stigafjölda þau geta valið, mögulegan hámarksstigafjölda og þann stigafjölda sem þau þurfa að ná. Fyrir nánari upplýsingar sjá viðkomandi kröfu.

Vakin er athygli á því að ef mismunandi starfsemi er innan fyrirtækis eða markaðssett sem ein eining, verður að taka alla starfsemina með í vottunina. Til dæmis þarf hótél með veitingastað að uppfylla skyldubundnar kröfur og kröfur um stigafjölda fyrir samsetninguna "hótél með veitingastað".

**Tafla 1.** Yfirlit yfir hvaða kröfur fyrirtæki og mismunandi starfsemi innan fyrirtækis þarf að uppfylla, hvaða kröfur um stigafjölda þau geta valið, mögulegan hámarksstigafjölda og þann stigafjölda sem þau þurfa að ná.

Tegund starfsemi	Skyldubundnar kröfur	Valkvæðar kröfur sem gefa stig	Hámarks mögulegur stigafjöldi **	Stig sem skal ná
Hótel	O1 O3 - O25 O27 - O34	P1 - P27 P34 - P38 P39*	73 stig	26 stig
Veitingastaður	O1 O4 - O25 O26 - O39	P1 - P33 P38 P39*	77 stig	27 stig
Ráðstefnuaðstaða	O1 - O2 O4 - O25 O27 - O34	P1 - P14 P16 - P27 P38 P39*	59 stig	21 stig
Hótel með veitingastað	O1 O3 - O39	P1 - P38 P39*	88 stig	31 stig
Hótel með ráðstefnuaðstöðu	O1 - O34	P1 - P27 P34 - P38 P39*	73 stig	26 stig
Veitingastaður með ráðstefnuaðstöðu	O1 - O2 O4 - O24 O26 - O39	P1 - P33 P38 P39*	77 stig	27 stig
Hótel með veitingastað og ráðstefnuaðstöðu	O1 - O39	P1 - P38 P39*	88 stig	31 stig

\* Krafa P39 á einungis við á Íslandi.

\*\* Ef hótelid býður ekki upp á morgunmat innan starfseminnar glatast mögulega 1 stig. Ef fyrirtækið er með sundlaug batast við 2 stig. Þetta hefur áhrif á þann stigafjölda sem þarf að ná.

Í umsóknarleiðbeiningunum er reiknaður út fjöldi stiga fyrir hverja tegund starfsemi byggt á þeim gögnum sem umsækjandinn setur inn.



# 1 Lágmarkskröfur

Uppfylla þarf allar skyldukröfur í þessum kafla nema annað sé tekið fram.

## 1.1 Almenn lýsing

Til að tryggja að kröfur Svansins séu uppfylltar, þarf að framfylgja eftirfarandi verkferlum.

### 01 Almenn lýsing

Fyrirtækið verður að skila inn öllum upplýsingum um þann hluta starfseminnar sem snertir kröfur Svansins. Viðauki 1 skal notaður fyrir þennan hluta.



Fylla skal út Viðauka 1 og skila inn fylgiskjölum eins og er tekið er fram í viðaukanum.

## 1.2 Birgjar

### 02 Ráðstefnuaðstaða: Ytri birgjar fyrir veitingaþjónustu

Þessar kröfur eiga við um ráðstefnuaðstöðu án gístaðstöðu sem þarf að ráða undirverktaka til að sjá um veitingar.

Ráðstefnuaðstaðan skal bjóða veitingaþjónustu með því að gera samning við eitt eða fleiri Svansvottuð veitingahús.

*Undantekningar: Fyrir opinber fyrirtæki sem þurfa að fylgja tilskipun 2004/18/EB Evrópuþingisins og ráðsins um opinbera verksamninga, vörur og þjónustu, má fá vottun frá Svaninum sem staðfestir að birgji uppfylli kröfur um Svansvottað veitingahús. Slíkar birgji getur ekki markaðsett sig sem Svansvottaðan nema hann hafi gílda vottun. Ef skrifstofa Svansins þarf að athuga hvort birgjar hafi vottun þarf að greiða fyrir þá vinnu.*

Samningurinn þarf að innifela að minnsta kosti 95% af þörf ráðstefnuaðstöðunnar fyrir aðkeypta veitingaþjónustu (útreiknað miðað við veltu eða fjölda gesta).

Í samningi skal tilgreina samningstímabil og rekstrarleyfisnúmer veitingastaðarins.

Ef breytingar verða á birgjum, þarf að fylgja verkferli sem tryggir að skrifstofa Svansins, sem veitti Svansvottun, sé látin vita um breytingar.



Afrit af samningum við alla Svansvottaða veitingastaði eins og er skilgreint hér að ofan. Samningurinn verður að gefa upp rekstrarleyfisnúmer veitingastaðarins.



Verkferli sem tryggja samning við Svansvottað veitingahús skal alltaf vera til staðar.



Útreikningur sem sýnir hlutfall aðkeyptrar Svansvottaðrar veitingaþjónustu (af heildar innkaupum á veitingaþjónustu). Hlutfallið skal gefa upp með tilliti til veltu eða til fjölda gesta.

### 03 Hótel: Birgjar sem sjá um morgunverð innan hótelsins

Þessi krafa á við um hótél sem bjóða upp á morgunverð frá utanaðkomandi aðila/birgi.

Birgjar sem sjá um morgunverð verða að uppfylla allar kröfur eins og hótelið væri sjálft að sjá um morgunverðinn, þ.e. uppfylla allar kröfur í kafla 1.9 "Að bera fram mat og drykk".

*Morgunverður sem er borinn fram utan hótelsins fellur ekki undir Svansmerkinguna.*



Afrit af samningum við alla birgja sem sjá um morgunverð. Sjá kafla 1.9 "Að bera fram mat og drykk" um skjöl sem þarf að skila, þegar matur og drykkur er borinn fram.

## 1.3 Viðmiðunargildi

Viðmiðunargildin eru þrjú:

- Orkunotkun
- Vatnsnotkun
- Magn úrgangs

Kröfur um viðmiðunargildi orkunotkunar er skylt að uppfylla. Til að reikna út orkunotkun skal nota orkureiknivél Svansins. Orkureiknivélina er í rafrænum umsóknarleiðbeiningum á innri vef „My Swan Account“ (sjá "að skila inn rafrænni umsókn").

Til viðbótar verður fyrirtækið að uppfylla eitt af uppgefnum viðmiðunargildum viðmiðum. Allar kröfur um viðmiðunargildi skal skjalfesta, jafnvel þó ekki þurfi að uppfylla þær allar.

### 04 Viðmiðunargildi fyrir orkunotkun

Skylda er að uppfylla kröfur um viðmiðunargildi orkunotkunar.

Aðkeypt orka Svansvottaðra fyrirtækja má að hámarki vera **1.7** sinnum markgildi eins og það er reiknað í Orkureiknivélinni

Strangari kröfur eru gerðar á hótél sem bjóða ekki upp á morgunverð og er viðmiðunarkrafa að hámarki **1.6** sinnum markgildið skv. orkureiknivélinni.

Fyrirtækið verður að tilkynna notkun sína á aðkeyptri orku, sem er síðan borið saman við markgildi fyrir samsvarandi fyrirtæki við bestu aðstæður.

Markgildið er reiknað með orkureiknivélinni út frá mismunandi breytum (t.d. loftslag, gólfhlötur, fjöldi bygginga, fjöldi gesta og magn þveginis þvottar).

Ef fyrirtækið velur í orkureiknivélinni að tilgreina staðbundið meðalhitastig hvern mánuð (sjá orkureiknivél) verður að vera hægt að skoða og sannreyna þau gögn og heimildir sem eru lagðar fram. Í Noregi er skylt að tilgreina staðbundið eðlilegt meðalhitastig hvern mánuð.

Öll starfsemi verður að slá inn meðalhitastig hvern mánuð (leiðrétt fyrir gráðum og degi) fyrir sama tímabil og orkunotkunin nær yfir. Starfsemin skal varðveita hitastigsgögnin og heimildir fyrir þeim svo að hægt sé að skoða og samþykkja þau. Hitastigsgögn skulu vera fyrir sömu staðsetningu eða frá svæði í nágrenni við staðinn þar sem hitastigsgögnin koma frá t.d. næstu veðurathugunarstöð.

#### Að mæla rafmagnsnotkun

Veitingastaðir í húsnæði þar sem rafmagnsnotkun er mæld fyrir allt húsið og geta því ekki aðgreint rafmagnsnotkun sína frá notkun annarra fyrirtækja (t.d. veitingastaður í verslanamiðstöð), verða sjálfir að framkvæma mælingar á rafmagnsnotkun sinni. Annað hvort skal nota leið a eða b:

- a) Veitingastaðurinn getur sett upp fasta rafmagnsmæla á orkufrekan tækjabúnað (ísskápa, frysti, uppþvottavélar, eldavélar o.s.frv.) Annan hluta rafmagnsnotkunarinnar má meta.
- b) Þriðji aðili framkvæmir mat á rafmagnsnotkun og les af rafmagnsmælum fyrir orkufrekan tækjabúnað (ísskápa, frysti, uppþvottavélar, eldavélar o.s.frv.) á dæmigerðum degi, ásamt því að meta árlega rafmagnsnotkun í heild sinni. Framkvæma skal slíka úttekt á rafmagnsnotkun annað hvert ár.

Skrifstofa Svansins getur í undantekningartilvikum leyft undanþágur fyrir vissa hluta/athafnasvæði starfseminnar sé þar enginn orkufrekur búnaður eða tæki. Nánari upplýsingar má finna í bakgrunnsskjali Svansins (kafla 5.3.2).

Í þeim tilvikum sem fyrirtæki er með óreglulega starfsemi er hægt að óska eftir samþykki

skrifstofu Svansins að undanskilja orkunotkun einstakra viðburða - að því gefnu að ekki sé hægt að telja orkunotkun þeirra með í daglegri starfsemi. Þetta er starfsemi á borð við uppfærslur á sviði eða sýningar. Orkunotkunin skal þó mæld sérstaklega með rafmagnsmæli og færð til bókar.

### Mælingar á húshitun og kælingu

Ef fyrirtækið getur ekki skráð notkun sína beint frá birgja (t.d. ef veitingastaður er í verslunarmistöð) getur fyrirtækið reiknað út notkun sína eftir stærð gólfplatar fyrirtækisins og hversu stórt hlutfall gólfplöturinn er af heildargólfleti byggingarinnar.

Um leið og umsókn hefur verið skilað inn, er gefið út aðgangsorð fyrir Orkureiknivél Svansins, en slíkt aðgangsorð þarf til að framkvæma þennan útreikning. Sjá Viðauka 4 um lýsingu á Orkureiknivélinni og bakgrunnsskjal sem liggur að baki þessum kröfum til að fá nánari upplýsingar. Einnig má hafa samband beint við skrifstofu Svansins.



Bóhaldsgögn varðandi aðkeypt rafmagn, eldsneyti, upphitun og kælingu (t.d. afrit af reikningum, staðfestingu frá OR, álestur af mælum eða önnur skjöl) skulu fylgja með skýrslu. Orkureiknivél Svansins má nota til þessarar skýrslugerðar. Sjá í viðauka 4 hvaða tegund upplýsinga þarf að setja inn í orkureiknivélina.

Ef staðbundið meðalhitastig er tilgreint fyrir hvern mánuð í orkureiknivélinni í stað loftslagsbeltis skal geyma hitastigsgögnin og heimildir fyrir þeim svo að hægt sé að skoða og samþykkja þau. Þegar um er að ræða fyrirtæki í Noregi er skylda að tilgreina staðbundið meðalhitastig hvers mánaðar.



Slá skal inn meðalhitastig hvern mánuð, tímabil (ártöl), gögn og heimildir fyrir sama tímabil og orkunotkunin nær yfir.

Leið a) fyrir veitingahús: Reikningshald sem sýnir rafmagnsnotkun frá föstum rafmagnsmælum og hvernig mat á heildar rafmagnsnotkun fyrirtækisins er framkvæmt.

Leið b) fyrir veitingahús: Skýrsla frá þriðja aðila sem sýnir rafmagnsnotkun úr mælingum og mati á heildar rafmagnsnotkun fyrirtækisins. Verkferli sem sýnir hvernig veitingahúsið tryggir að slík úttekt sé framkvæmd annað hvert ár.

## P1 Orkunotkun

Fyrirtækið fær úthlutað punktum fyrir orkunotkun sem er undir mörkum, í samræmi við gildin í töflunni hér að neðan.

Stig sem eru undir viðmiðunargildum	Stigafjöldi
Fyrirtækið er 0,5 stigum undir viðmiðunargildum	5 stig
Fyrirtækið er 0,4 stigum undir viðmiðunargildum	5 stig
Fyrirtækið er 0,3 stigum undir viðmiðunargildum	3 stig
Fyrirtækið er 0,2 stigum undir viðmiðunargildum	5 stig
Fyrirtækið er 0,1 stigum undir viðmiðunargildum	1 stig



Skýrslu sem sýnir hve mörg stig nást miðað við töfluna hér að ofan. Nota skal orkureiknivél Svansins (Nordic Ecolabelling Energy tool) til þessarar skýrslugerðar.

## 05 Viðmiðunargildi vatnsnotkunar

Valkvætt er að uppfylla kröfur um viðmiðunargildi vatnsnotkunar, en öll fyrirtæki skulu þó skrá vatnsnotkun sína.

Krafan um vatnsnotkun nær yfir alla ferkvatnsnotkun fyrirtækisins.

Til þess að fyrirtæki geti fengið vottun byggða uppfylltum kröfum um viðmiðunargildi vatnsnotkunar verður að liggja fyrir árleg vatnsnotkun, annað hvort eigin mælingar eða gögn frá viðkomandi vatnsveitu.

Ef fyrirtækið þarf ekki að uppfylla viðmiðunarkröfur fyrir vatn til að fá vottun er nóg að gögn um vatnsnotkun séu fundin út á annan hátt, til dæmis á grundvelli útreikninga eða með því að

reikna út hlutfallslega notkun vatns af stærri starfsemi.

Eftirfarandi viðmið eiga við um mismunandi starfsemi:

**Hótel:** 200 lítrar/hótelgest

**Hótel með sundlaug:** 275 lítrar/hótelgest

**Veitingastaður:** 45 lítrar/veitingahúsagast

**Ráðstefnuaðstaða:** 25 lítrar/ráðstefnugest

**Utanaðkomandi gestir í laug:** 75 lítrar/utanaðkomandi sundlaugargest

Ef fyrirtækið rekur mismunandi starfsemi, skal reikna út viðmið samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

Viðmiðunargildi vatnsnotkunar fyrir fyrirtækið í heild = 200 lítrar/gest \* fjöldi hótel gesta + 45 lítrar/gest \* fjöldi veitingahúsagesta + 25 lítrar/gest \* fjöldi ráðstefnugesta + 75 lítrar/gest \* fjöldi utanaðkomandi sundlaugargesta.

Fyrir hótel með sundlaug gilda 275 lítrar/gest í staðinn fyrir 200 lítrar/gest.

*Utanaðkomandi sundlaugargestir eru gestir sem nota einungis sundlaugina en gista ekki á hótelinu.*

*Sjá Viðauka 1 „Upphýsingar er snerta fyrirtækið“ til að fá skilgreiningar á mismunandi tegundum gesta.*

*Sundlaug er laug þar sem vatnið er í bringrás og þar sem það er sóttbreiðsað. Heitir pottar teljast ekki til sundlauga.*



Samantekt á heildar vatnsnotkun fyrirtækisins á ársgrundvelli, ásamt afriti af reikningum eða yfirlýsingu frá vatnsveitu sem staðfestir viðkomandi gögn, skulu fylgja.



Samantekt á fjölda gesta í viðkomandi starfsemi (hótel, veitingastaður, ráðstefnuaðstaða og utanaðkomandi sundlaugargestir) skal fylgja ásamt útreikningum sem sýna vatnsnotkun á hvern gest, sbr. kröfuna hér að ofan.

## P2 Vatnsnotkun

Fjöldi úthlutaðra stiga fer eftir því hvernig vatnsnotkun fyrirtækis er samanborið við viðmiðunargildin í töflunni hér að neðan. Viðmiðunargildi er reiknað út í kröfu O5.

Stig undir viðmiðunargildi	Stigafjöldi
Vatnsnotkun fyrirtækis > 50% lægri en viðmiðunargildi	3 stig
Vatnsnotkun fyrirtækis > 40% - 50% lægri en viðmiðunargildi	2,5 stig
Vatnsnotkun fyrirtækis > 30% - 40% lægri en viðmiðunargildi	2 stig
Vatnsnotkun fyrirtækis > 20% - 30% lægri en viðmiðunargildi	1,5 stig
Vatnsnotkun fyrirtækis > 10% - 20% lægri en viðmiðunargildi	1 stig



Samantekt sem sýnir heildar stigafjölda í samræmi við töfluna hér að ofan.

## O6 Viðmiðunargildi fyrir úrgang

Valkvætt er að uppfylla kröfur um viðmiðunargildi úrgangs, en öll fyrirtæki skulu þó skrá magn úrgangs.

Viðmiðið gildir um allan óflokkaðan úrgang sem myndast við daglegan rekstur og fer í sorpbrennslu eða urðun.

Eftirfarandi viðmiðunargildi eiga við um mismunandi starfsemi:

**Hótel:** 0,20 kg/hótelgest

**Veitingahús:** 0,80 kg/veitingahúsagast

**Ráðstefnuaðstaða:** 0,20 kg/ráðstefnugest

Ef fyrirtækið rekur mismunandi starfsemi, skal reikna út viðmið samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

Viðmiðunargildi úrgangs fyrir fyrirtækið í heild = 0,20 kg/gest \* fjöldi hótel gesta + 0.80 kg/gest \* fjöldi veitingahúsagesta + 0.20 kg/gest \* fjöldi ráðstefnu gesta.

*Sjá Viðauka 1 „Upphýsingar er snerta fyrirtækið“ fyrir skilgreiningar á mismunandi tegundum gesta.*



Samantekt frá úrgangsverktaka um árlegt heildarmagn óflokkaðs úrgangs frá fyrirtækinu skal skila ásamt afritum af reikningum eða yfirlýsingu frá úrgangsverktaka sem staðfestir gögnin. Vigi úrgangspjónustu aðili ekki óflokkaðan úrgang, verður fyrirtækið sjálft að mæla magn úrgangs í a.m.k. einn dæmigerða viku og skila inn þeim gögnum til samþykktar. Sé sú leið valin þarf fyrirfram samþykki skrifstofu Svansins, rökstyðja valið og skila inn lýsingu á því af hverju mælingatímabilið telst vera dæmigert.

### P3 Magn úrgangs

Fjöldi úthlutaðra stiga fer eftir úrgangsmagni frá fyrirtæki, sbr. viðmiðunargildi í töflunni hér að neðan. Viðmiðunargildið er reiknað út í kröfu O6. Viðmiðunargildi á við allan óflokkaðan úrgang (úrgangur sem er ekki flokkaður innan fyrirtækisins og er brenndur eða urðaður) sem fellur til vegna daglegrar starfsemi.

Gildi undir viðmiðunargildi	Stigafjöldi
Úrgangsmýndun fyrirtækisins > 50% lægri en viðmiðunargildi	3 stig
Úrgangsmýndun fyrirtækisins > 40% - 50% lægri en viðmiðunargildi	2,5 stig
Úrgangsmýndun fyrirtækisins > 30% - 40% lægri en viðmiðunargildi	2 stig
Úrgangsmýndun fyrirtækisins > 20% - 30% lægri en viðmiðunargildi	1,5 stig
Úrgangsmýndun fyrirtækisins > 10% - 20% lægri en viðmiðunargildi	1 stig



Samantekt sem sýnir heildar stigafjölda í samræmi við töfluna hér að ofan.

### O7 Samfelld mæling á viðmiðunargildum

Til að fá Svansvottun þurfa að vera til staðar skriflegir verkferlar fyrir mælingar, álestur og skráningu á viðmiðunargildum fyrir orku, vatn og óflokkaðan úrgang eins og lýst er hér að neðan:

**Orkunotkun** – hvern mánuð sem fyrirtækið er starfandi. Um veitingastaði án fastra rafmagnsmæla gildir eftirfarandi:

- Veitingastaðir sem hafa valið valkost a) verða að lesa af og skrá rafmagnsnotkun mánaðarlega af föstum rafmagnsmælum.
- Veitingastaðir sem hafa valið valkost b) þurfa að framkvæma mælingar annað hvert ár.

**Vatnsnotkun** – mánaðarlega þau tímabil sem fyrirtækið er starfrækt.

**Magn úrgangs** – ársskýrsla frá úrgangspjónustu aðila, eða yfirlit yfir eina dæmigerða viku á hverjum ársfjórðungi þegar fyrirtækið er starfandi.



Verkferli sem lýsa því hvernig fyrirtækið tryggir mælingar, álestur og skráningu í samræmi við það sem stendur hér að ofan.

## 1.4 Orkunotkun

### O8 Jarðefnaolía til olíukyndingar fyrir húsnæði eða vatn

Jarðefnaolía til olíukyndingar húsnæðis má ekki fara yfir 30% af upphitunarþörfinni.

*Upphitunþörf er skilgreind sem samanlagðar tölur af tapi upphitunar vegna loftrástingar, flutningstapi og heitavatsnotkun. Upphitunarþörf er reiknuð með orkureiknivélinni.*

*Hlutfall upphitunar frá olíukyndingu er reiknað út á eftirfarandi hátt:*

*Hlutfall frá olíukyndingu (kWh/year) = rúmmál olíu á ári (m<sup>3</sup> / ár) \* afköst olíukyndara \* orku þáttur (kWh/kg) \* eðlismassi (kg/liter) \* 1000 (l/m<sup>3</sup>)*

*Orkunúsir fyrir olíu er 11,29 kWh/kg*

*Eðlisþyngd léttrar olíu: 0,89 kg/liter*

*Eðlisþyngd þungrar olíu: 0,98 kg/liter*

*Ef nákvæmari upplýsingar eru tiltækar frá eldsneytis birgi, má nota þær í staðinn (til að reikna út orkuvísi skal nota lægsta upphitunargildi eldsneytis).*



Skjal með útreikningum sem sýnir að öll olíunotkun til upphitunar er minni en 30% af heildar upphitunarþörfinni.

#### **P4 Koltvíoxíð**

Fyrirtæki fær stig ef raunveruleg koltvíoxíðlosun þess er lág miðað við markgildi þess fyrir koltvíoxíðlosun. Stig eru gefin í samræmi við töfluna hér fyrir neðan.

Orkureiknivélin reiknar út raunverulega losun koltvíoxíðs sem byggir á innslegnum gögnum um orkunotkun.

Markgildi er reiknað með orkureiknivélinni, byggt á nokkrum mismunandi breytum (þ.e. loftslagi, gólfleti, fjölda bygginga, fjölda gesta og magni þvottar sem er þveginn). Nánari upplýsingar er að finna í Viðauka 4.

Raunveruleg koltvíoxíðlosun fyrirtækisins er deilt í með markgildi fyrir koltvísyringslosun og er skilgreint sem kolefnistuðull (carbon index).

Ef fyrirtæki leiðréttir loftslag með tilliti til dæmigerðs árs og/eða gefur upp staðbundið mánaðarlegt meðaltal fyrir hitastig (sjá orkureiknivél) verður að vera hægt að sannreyna þau gögn og heimildir sem eru lagðar fram. Í Noregi er skylt að nota staðbundið meðalhitastig hvers mánaðar.

<b>Kolefnisvísitala</b>	<b>Stigafjöldi</b>
Er 1,3 eða lægri	3 stig
Er 1,5 eða lægri	2,5 stig
Er 1,7 eða lægri	2 stig
Er 2,0 eða lægri	1,5 stig
Er 2,2 eða lægri	1 stig



Samantekt um rafmagnsnotkun, eldsneytisnotkun, upphitun og kælingu. Orkureiknivél Svansins má nota til þessa reikningshalds. Í staðinn fyrir að nota loftslagsbelti í líkaninu, má nota meðalhitastig hvers mánaðar og mánaðarleg meðaltöl venjulegs árs til leiðréttingar á því tímabili sem um ræðir. Gögn og heimildir þurfa að vera á því formi að hægt sé að sannreyna útreikninga og samþykkja upplýsingarnar. Í Noregi er skylt að nota meðalhita hvers mánaðar á hverjum stað.

Samantekt sem sýnir heildar stigafjölda í samræmi við töfluna hér að ofan.

**P5 Sólarrafhlöður**

Ef fyrirtæki notar sólarrafhlöður til upphitunar sem nemur meira en 20% af heildar upphitunarþörf: 1 stig.

Ef meira en 2% af heildarrafmagnsnotkun fyrirtækis kemur frá sólarrafhlöðum: 0,5 stig

*Upphitunþörf er skilgreind sem summan af tapi hússins gegnum loftræstingu, flutningstap og beitavatnsnotkun og er reiknuð með orkureiknivélinni.*

Heildarrafmagnsnotkun = rafmagn sem fyrirtæki þarf til að keyra loftræstingu, lýsingu og önnur rafmagnstæki. Raforkuþörfin er skilgreind og fengin í orkureiknivélinni.



Útreikninga sem sýna að sólarrafhlöður mæta meiru en 20% af heildar upphitunarþörfinni eða meiru en 2% af heildarrafmagnsnotkun. Byggja skal útreikningana á fræðilegum reikningum eða á raunverulegri orku sem sólarrafhlöður hafa skilað.

**P6 Varmadætur til að hita upp húsnæði eða vatn**

Ef fyrirtæki notar varmadætur til upphitunar sem nemur meira en 30% af heildar upphitunarþörf: 1 stig

*Átt er við allar varmadætur sem eru notaðar til upphitunar. Jöfnuð loftræsting með endurbeimt varma telst ekki varmadæla.*

Byggja skal útreikningana á notkunartíma varmadællunnar á ársgrundvelli og á svokölluðum SCOP fasta. Ef SCOP fasti er ekki þekktur, skal stilla skilvirkni saltvatns/vatns varmadællunnar á 2,5 fyrir upphitun og framleiðslu á heitu kranavatni. Fyrir loft/vatn eða loft/loft varmadætur skal stilla skilvirkni varmadællunnar á 2,0 fyrir upphitun og framleiðslu á heitu kranavatni.

*Upphitunþörf er skilgreind sem summan af tapi hússins gegnum loftræstingu, flutningstap og beitavatnsnotkun og er reiknuð með orkureiknivélinni.*



Útreikninga sem sýna að notkun varmadælu til upphitunar er meiri en 30% af heildar upphitunarþörfinni.

**P7 Kælimiðlar**

Ef yfir 50% kælimiðla fyrirtækisins hafa gróðurhúsaáhrifastuðul GWP<sub>100</sub> lægri en 5 (þ.e. vetniskolefni (própan, bútan o.s.frv.), ammónía (NH<sub>3</sub>) eða koltvíoxíð (CO<sub>2</sub>)): 2 stig

*Krafan nær til allra efnisþátta fyrir kæliklefa, ísskápa, frýsta, drykkjarkæla, míníbar ísskápa o.s.frv. Þessi krafa nær ekki til varmadæla eða loftræstikerfa.*



Samantekt á öllum kælitækjum; hvaða kælimiðlar eru notaðir, þyngd fyllingar þeirra, ásamt útreikningi á hlutfalli kælimiðla með gróðurhúsaáhrifastuðul (GWP<sub>100</sub>) lægri en 5. Ef þetta er ekki mögulegt, má skila inn síðustu ársskýrslu um kælimiðla.

**P8 Orkugreining**

Hafi óháður orkusérfræðingur gert orkugreiningu innan síðustu 5 ára með það að markmiði að draga úr orkunotkun fasteignarinnar og orkuknúinna tækja: 2 stig.

Ef byggingar fyrirtækisins og orkuknúin tæki eru 3 ára eða yngri: 2 stig

*Ef um er að ræða endurbyggingu hótelsins eða ef það er gert upp á viðamikinn hátt, skal staðfest af óbáðum orkusérfræðingi að þær séu sambærilegar nýjum byggingum (að hámarki 3 ára gamla staðla).*

*Skila skal ítarlegri skýrslu um hvaða endurbætur húsnæðis hafa átt sér stað og staðfestingu á að það sé sambærilegt nýbyggingu.*

Orkugreiningin skal tilgreina fasteignir og orkuknúin tæki fyrirtækisins auk tillagna að frekari sparnaðaraðgerðum.

Fyrirtækið verður að sýna fram á að viðkomandi aðgerðir hafi verið framkvæmdar eða skipulagðar.



Lýsing á orkugreiningunni og afrit af skýrslunni. Í viðauka 1 eru leiðbeiningar um hvað orkugreiningin getur falið í sér. Fyrirtækið verður að sýna fram á að viðkomandi aðgerðir hafi verið framkvæmdar eða skipulagðar. Vottun á hæfni úttektaraðila sem óháðs orkusérfræðings.

## P9 Lýsing

Ef  $\geq 80\%$  af ljósgjöfum fyrirtækisins (innan- og utandyra) eru LED ljós eða í orkuflokki B eða ofar: 3 stig.

Ef  $\geq 60\%$  -  $< 80\%$  af ljósgjöfum fyrirtækisins (inn- og utandyra) eru LED ljós eða í orkuflokki B eða ofar: 2 stig.

Ef  $\geq 40\%$  -  $< 60\%$  af ljósgjöfum í fyrirtækinu (innan- og utandyra) eru LED ljós eða í orkuflokki B eða ofar: 1 stig.

*Orkuflokkarnir byggja á tilskipun ESB nr. 98/11/EB fyrir ljósgjafa og lampa.*



Samantekt á ljósgjöfum fyrirtækisins (innan- og utandyra) og útreikningi á hlutfalli ljósgjafa í orkuflokki A, B eða LED.

## P10 Sjálfvirk stjórnun á lýsingu

Ef  $\geq 80\%$  af ljósgjöfum fyrirtækisins (innan- og utandyra) eru sjálfvirk ljós: 3 stig.

Ef  $\geq 60\%$  -  $< 80\%$  af ljósgjöfum fyrirtækisins (innan- og utandyra) eru sjálfvirk ljós: 2 stig.

Ef  $\geq 40\%$  -  $< 60\%$  af ljósgjöfum fyrirtækisins (innan- og utandyra) eru sjálfvirk ljós: 1 stig.

*Dæmi um sjálfvirka lýsingu er dagsljósstýring eða skynjaratækni auk lykklakorta.*



Samantekt á sjálfvirkum ljósgjöfum (innan- og utandyra). Tilgreina þarf hvaða kerfi er notað fyrir sjálfvirka lýsingu, ásamt útreikningi á hlutfalli sjálfvirkra ljósgjafa af öllum ljósgjöfum.

## P11 Stjórnun á loftræstingu

Ef  $\geq 90\%$  af rúmmáli loftflæðis í gegnum loftræstingu er sniðin að loftræstipörf ráðstefnuaðstöðu og/eða matsalar (loftræsting frá eldhúsi er ekki tekin með): 3 stig.

Ef  $\geq 50\%$  af rúmmáli loftflæðis í gegnum loftræstingu er sniðin að loftræstipörf ráðstefnuaðstöðu og/eða matsalar (loftræsting frá eldhúsi er ekki tekin með): 1 stig.

*Sniðin að loftræstipörfum þýðir að loftræstingin er sniðin að fjölda fólks í rýminu (þ.e. eftir nýtingu eða magni koltvioxíðs; tímastýring í þessu sambandi er ekki samþykkt).*

*Loftkæling telst til loftræstingar.*



Samantekt á stýringu loftræstibúnaðar sem og prósentuhlutfall þeirrar loftræstingar sem er sniðin að loftræstipörf ráðstefnuaðstöðu og/eða í gestaherbergjum sem hafa loftræstingu.



## 1.5 Kemísk efni

### 09 Umhverfismerktur uppvottalögur

90% af uppvottalegi skal vera umhverfismerktur. Þessi krafa nær til uppvottaefnis í uppvottavel, þurrkefna og uppvottalagar í vask. Bleytingarefni (soaking agent) og afkalkerandi efni eru ekki meðtalin.

Prósentuhlutfall skal byggt á innkeyptu magni í kg, lítrum eða kostnaði í krónum.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svansmerkinu, umhverfismerki ESB eða öðru viðurkenndu umhverfismerki.*



Listið upp allar vörur sem notaðar eru í uppvask í My Swan Account. Gefið upp innkaupamagn hverrar vöru á ársgrundvelli. Hlaðið inn afriti af reikningum eða öðrum skjölum til staðfestingar.

### 010 Umhverfismerkt þvottaefni

90% þvottaefnis fyrir klæðnað og vefnaðarvöru skal vera umhverfisvottað. Skolefni, afkalkerandi efni og önnur sértæk hreinsiefni eru ekki talin með. Þessi krafa nær til allrar vefnaðarvöru sem fyrirtækið sér sjálft um að þvo.

Prósentuhlutfall skal byggt á innkeyptu magni í kg, lítrum eða kostnaði í krónum.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svansmerkinu, umhverfismerki ESB eða öðru viðurkenndu umhverfismerki. Sértæk hreinsiefni eru skilgreind sem blettahreinsir, bleikiefni eða álíka efni.*



Listið upp allar vörur sem notaðar eru til þvotta á vefnaðarvöru í My Swan Account. Gefið upp innkaupamagn hverrar vöru á ársgrundvelli. Hlaðið inn afriti af reikningum eða öðrum skjölum til staðfestingar.

### 011 Umhverfismerkt hreinsiefni

80% hreinsiefna skulu vera umhverfismerkt. Krafan nær til efna, ætluð til daglegra þrifa á svæðum eins og gólfum, baðherbergjum, salernum og eldhúsi. Afkalkerandi gólfhreinsiefni\* og önnur sértæk hreinsiefni eru ekki talin með. Sértæk hreinsiefni (sjá skilgreiningu hér fyrir neðan) eru efni sem eru notuð einstaka sinnum, þ.e. ekki til daglegra þrifa.

\*Efni til meðhöndlunar gólfs, sem eru hluti af daglegum þrifum, til dæmis hreinsiefni og vaxáburður, skulu tekin með.

Prósentuhlutfall skal byggt á því magni sem er keypt í kg, lítrum eða kostnaði í krónum.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svansmerkinu, umhverfismerki ESB eða öðru viðurkenndu umhverfismerki.*

*Sértæk hreinsiefni eru skilgreind sem:*

**Eldhús:** Hreinsiefni fyrir uppvottavélar og kaffivélar, stíflueyðar, kópar og silfur fægiefni, hreinsiefni fyrir frystigeymslur, efni til meðhöndlunar á ryðfríu stáli, fægiefni fyrir ryðfrítt stál o.s.frv.

**Þrif:** Blettahreinsir fyrir þétt yfirborð, efni sem fjarlægir tyggjóklessur, teppahreinsiefni, sundlaugahreinsiefni, stíflueyðar, hreinsiefni fyrir innahússþrif/ veggj (interior cleaners) o.s.frv.



Listið upp allar vörur sem notaðar eru til daglegra þrifa í My Swan Account. Gefið upp innkaupamagn hverrar vöru á ársgrundvelli. Hlaðið inn afriti af reikningum eða öðrum skjölum til staðfestingar.

### 012 Kröfur um efni sem eru ekki umhverfismerkt

Vörur sem ekki hafa fengið umhverfisvottun má ekki flokka í samræmi við töfluna hér á eftir.

Þessi krafa nær einnig til sóttahreinsiefna, efna til að leggja í bleyti í, og til sérstakra hreinsiefna, skolefna, afkalkerandi efna og gólfhreinsiefna.

5% sérstakra hreinsiefna (í kg eða lítrum) og sundlaugahreinsiefna eru undanskilin kröfunni. Sjá skilgreiningu á sértækum hreinsiefnum undir kafla O10 og O11.

Flokkun	Hættumerki og hættusetningar samkvæmt tilskipun 67/548/EEC	CLP reglugerð nr. 1272/2008
Eitrað umhverfinu	N með R50, R50/53, R51/53	Bráð eiturrhif 1: H400 Langvarandi eiturrhif 1, 2: H410, H411
	R52/53, R52, R53	Langvarandi eiturrhif 3, 4: H412, H413
Krabbameinsvaldandi	Eiturrhif með R45 og/eða R49 (krabbameinsvaldandi 1 eða krabbameinsvaldandi 2) or Xn með R40 (krabbameinsvaldandi 3)	Krabbameinsvaldandi 1A/1B/2 með H350, H350i og/eða H351
Stökkbreytandi	T með R46 (stökkbreytandi 1 eða stökkbreytandi 2) eða Xn með R68 (stökkbreytandi 3)	Stökkbreytandi 1B/2 með H340 og/eða H341
Eiturrhif á æxlun	T með R60, R61, R64 og/eða R33 (eiturrhif á æxlun 1 or eiturrhif á æxlun 2) eða Xn með R62, R63, R64 og/eða R33 (eiturrhif á æxlun 3)	Eiturrhif á æxlun 1A/1B/2 með H360, H361, H362

*Flokkunin fer eftir Tilskipun ESB um hættuleg efni nr. 67/548/EEB með síðari breytingum og/ eða CLP reglugerð nr. 1272/2008 með síðari breytingum. Á aðlögunartímanum, þ.e. til 1.júní 2015, má nota flokkunarkerfið í tilskipun um hættuleg efni eða í CLP reglugerðinni. Eftir aðlögunartímanum lýkur gildir einungis flokkun samkvæmt CLP reglugerðinni.*

Vörur mega ekki innihalda eftirfarandi efni:

- Alkylfenóletoxýlöt (APEO) eða alkylfenól afleiður (APD)
- Díalkýldímetyllammóníumklóríð (DADMAC)
- Línuleg alkýlbensensúlfónöt (LAS)
- Hvarfgjörn klórsambönd
- Silfur-nanóagnir
- Efni sem miklar áhyggjur eru af, svokölluð forgangsefni (SVHC: Substances of very high concern)
- PBT (þrávirk eitruð lífræn efni sem safnast fyrir í lífverum) eða vPvB (mjög þrávirk eitruð lífræn efni sem safnast fyrir í lífverum, samkvæmt ESB reglugerð (EB) nr. 1907/2006, viðauka XIII, sjá <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:396:0001:0849:SV:P DF>)

Undantekningar, frá banni á vörum sem eru skaðlegar umhverfinu, eru gerðar fyrir vörur sem eru flokkaðar skaðlegar/hættulegar vegna innihalds á fjörgildum ammóníumsamböndum. Undantekningar eru gerðar frá banni á hvarfgjörnum klórefnum ef yfirvöld krefjast notkunar slíkra efna (t.d. við sóttþreinsun á sturtuhausum í Noregi) og til notkunar í sundlaugum. Undantekningar eru einnig gerðar við sérstakar aðstæður eins og ef smitsjúkdómafaraður brýst út.



Listið upp allar vörur sem eru ekki umhverfismerktaðar í rafrænu umsóknarleiðbeiningunum. Gefið upp innkaupamagn hverrar vöru á ársgrundvelli. Hlaðið inn afrit af reikningum eða öðrum skjölum til staðfestingar.

Framleiðandi/birgji kemískra efna skal nota rafrænu umsóknarleiðbeiningarnar undir „My Swan Account“ til að fá vörur sínar skoðaðar. Sjá viðauka 3 hvaða upplýsingar skal setja inn í „My Swan Account“.

Þau 5 % sérstakra hreinsiefna sem eru undanskilin kröfunni þarf ekki að skoða né þurfa þau að uppfylla viðauka 3. Vettvangsskodun.

<sup>1</sup> Innihaldsefni á við um öll efni í vörunni, þar með talið aukefni (eins og rotvarnarefni og bindiefni). Undantekning frá þessu eru óhreinindi í framleiðsluferlinu sjálfu. Óhreinindi eru skilgreind sem efnaleifar frá hrávöruframleiðslu og eru í lokaafurðinni í styrkleika undir 100 ppm (0,0100% þyngdar, 100 mg/kg). Óhreinindi eru ekki efni sem er bætt meðvitað við innihaldsefni eða vöru í ákveðnum tilgangi, án tillits til magns. Efni sem þekkt er að losni úr innihaldsefnum teljast einnig vera innihaldsefni.

**P12 Prif án efna**

Við dagleg þrif á borðum/skápum/gólfum/veggjum/loftflötum í sameiginlegu rými, gestaherbergjum og í ráðstefnuaðstöðu eru ekki notuð kemísk efni. Þetta á þó ekki við um þrif í eldhúsi, borðstofu, baðherbergjum og salernum. Í einstaka tilfellum má nota kemísk efni til að fjarlægja bletti af gólfum og til að hreinsa glugga: 1 stig.

*Drif án efna: Drifaðferðir án kemískra efna, t.d. með notkun ryksugu, moppu með þurrum eða rökum mikkrotrefja klútum eða gufubreinsun.*



Skila þarf inn skjölum sem sannreyna þrif án efna.

**O13 Skammtastærð á þvottaefni í uppþvottavélar**

Allar uppþvottavélar (fyrir utan uppþvottavélar ætlaðar fyrir einkaheimili) skulu hafa sjálfvirkt skömmtunarkerfi fyrir þvottaefni. Óháður þriðji aðili eða birgji kerfisins skal yfirfara skömmtunarkerfið a.m.k. tvisvar á ári. Skrásetja skal þjónustusköðun á skömmtunarkerfinu.

*Með "Uppþvottavélar ætlaðar fyrir einkaheimili" er átt við uppþvottavélar ætlaðar fyrir neytendamarkaðinn.*



Skila þarf inn skjölum um hvaða uppþvottavélar hafa sjálfvirkt skömmtunarkerfi fyrir þvottaefni.



Skila þarf inn staðfestingu frá óháðum aðila eða birgi skömmtunarkerfisins, t.d. skýrslu um yfirferð kerfisins, sem sýnir að eftirlit hafi farið fram og hvenær.

**O14 Skömmtun hreinsiefna**

Öll kemísk efni til daglegra þrifa á gólfflötum, baðherbergjum, salernum og eldhúsi verður að skammta með sjálfvirkum skömmtunarbúnaði.

*Sjálfvirkur skömmtunarbúnaður er búnaður sem blandar hreinsiefnið með vatni og býr til lausn sem er tilbúin til notkunar.*

*Handvirkt skömmtunarkerfi er kerfi sem felur í sér ílát til mælinga á magni efnis, dælu eða álíka búnaði.*



Staðfesting á að krafan sé uppfyllt



Vettvangssköðun

**P13 Sjálfvirk skömmtun hreinsiefna**

Meira en 50% allra kemískra efna (reiknuð á hvern lítra/kg af innkeyptri vöru) notuð við dagleg gólfþrif flata m.a. á baðherbergjum, salernum og í eldhúsi skulu skömmtuð sjálfvirkt og eftirlit með skömmtunarbúnaði af óháðum aðila eða birgi tryggt að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári: 1 stig.

*Með sjálfvirkum skömmtunarbúnaði er átt við búnað sem blandar vöruna með vatni og býr til lausn sem er tilbúin til notkunar.*



Samantekt á kemískum efnum notuð við dagleg þrif (á gólfum, baðherbergjum, salernum og eldhúsum o.s.frv.) og skammtað sjálfvirkt.



Skila þarf inn staðfestingu frá óháðum aðila eða birgi skömmtunarkerfisins sem sýnir að eftirlit hafi farið fram og hvenær.

**P14 Skömmtun þurrkefna í uppþvottavélar**

Allar uppþvottavélar eru með sjálfvirkum skömmtunarkerfum. Eftirlit með skömmtunarbúnaði skal tryggt að minnsta kosti tvisvar á ári: 2 stig.

Ef þurrkefni eru ekki notuð: 2 stig



Gögn sem staðfesta sjálfvirkt skömmtunarkerfi allra uppþvottavéla fyrir þurrkefni, að öðrum kosti

staðfesting á að engin þurrkefni séu notuð.



Skila þarf inn staðfestingu frá óháðum aðila eða birgi skömmtunarkerfisins sem sýnir að eftirlit hafi farið fram og hvenær.

## **P15 Aðkeypt hreinsun á þvotti (hámark 4 stig)**

**Fyrirtæki sem bjóða upp á gistingu:**

Svansvottuð efnalaug/þvottahús sér um þvott á allri vefnaðarvöru (að undanskildum þurrklútum og moppum): 4 stig.

Svansvottuð efnalaug/þvottahús þvær annað hvort sængurföt eða handklæði: 2 stig.

**Starfsemi sem framreiðir mat (án gistingar):**

Svansvottuð efnalaug/þvottahús sér um þvott á allri vefnaðarvöru (að undanskildum þurrklútum og moppum): 3 stig.

**Fyrirtæki sem sjá sjálf um þvott á allri vefnaðarvöru:**

Allar þvottavélar atlaðar til þvotta (að undanskildum þvotti á þurrklútum og moppum) skulu hafa sjálfvirkt skömmtunarkerfi á þvottaefni og eftirlit með skömmtunarbúnaði skal fara fram af óháðum aðila eða birgi skömmtunarbúnaðarins a.m.k. tvisvar á ári: 1 stig.



Listi yfir þær efnalaugar/þvottahús sem sjá um þvott vefnaðarvöru og afrit af samningi sem sýnir nafn og Svansvottunarnúmer þeirra aðila. Ef fyrirtækið þvær allar vefnaðarvörur sjálft, skal skila inn skjölum sem staðfesta eftirlit með skömmtunarkerfi allra þvottavéla hafi farið fram af óháðum aðila eða birgi skömmtunarbúnaðarins a.m.k. tvisvar á ári.

## **O15 Verkferli við innkaup - kemísk efni**

Fyrirtækið skal hafa verklagsreglur um innkaup og ábyrgðaraðila innkaupa á hverri deild til þrifa í eldhúsi, í bordsal, á veitingastað og til þvotta. Sá sem ber ábyrgð á innkaupum skal tryggja að fyrirtækið noti valin kemísk efni samkvæmt skilgreindum kröfum O9 - O12. Ef skipt er um ábyrgðaraðila innkaupa skulu vera til verklagsreglur sem tryggja að valin kemísk efni samkvæmt kröfum O9-012 séu áfram notuð.



Verklagsreglur fyrir innkaup á kemískum efnum.



Listi yfir fólk ábyrgt fyrir innkaupum kemískra efna allra deilda í samræmi við verklagsreglur sem tryggja upplýsingaflæði ef breytingar verða á ábyrgðaaðilum.

## **O16 Meðhöndlun kemískra efna**

Skýrar, auðskiljanlegar og aðgengilegar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um skammtastærðir og meðhöndlun kemískra efna skulu tryggðar.

Skylða er að halda lista, flokkaðan eftir deildum, með yfirliti yfir kemísk efni notuð innan fyrirtækisins og hver ber ábyrgð á þeim innkaupum í hverri deild. Listinn þarf einnig að tilgreina hvaða aðili er ábyrgur fyrir upplýsingaflæði til þess aðila innan fyrirtækisins sem ber ábyrgð á Svansvottuninni.

Skylða er að hafa verklagsreglur fyrir þann aðila hjá fyrirtækinu sem ber ábyrgð á Svansvottuninni til að viðkomandi geti uppfært listann a.m.k. einu sinni á ári þegar farið er yfir birgðastöðu með innkaupsstjóra hverrar deildar.

*Þessi krafa á við um kemísk efni til almennra þrifa, sérstakra þrifa, sóttbreinsunar, gólfþvottar, diskþvottar og þvottar á vefnaðarvöru.*



Uppfærður listi yfir öll kemísk efni fyrirtækisins. Verklagsreglur um hvernig tryggt er að listinn sé uppfærður.



Vettvangsskoðanir sem sýna að til eru aðgengilegar, skýrar og skiljanlegar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um skammtastærðir og almenna meðhöndlun kemískra.

## 1.6 Vatnsnotkun

### P16 Vatnsnotkun uppþvottavéla (hámark 2 stig)

Aðaluppþvottavélar noti ekki meira vatn til skolonar heldur en:

- Bakka-uppþvottavél (ílát sett á bakka og lokað) 3,0 lítrar/bakka: 2 stig.
- Færibanda-uppþvottavél (bakkar settir á færiband sem rennur sjálfkrafa í gegn) 2,0 lítrar/bakka: 2 stig.
- Hefðbundin uppþvottavél, undir borð, 2,0 lítrar/umferð: 2 stig.

*Fyrir færibanda- uppþvottavélar skal gefa upp vatnsnotkun miðað við 2 mínútna snertitíma í samræmi við DIN 10510.*

*Aðaluppþvottavél er skilgreind sem uppþvottavél sem þvær a.m.k. 70% af leirtauinu.*



Tæknilegar upplýsingar um notkun aðaluppþvottavélar á vatni til skolonar (lokaskolon).

### P17 Vatnssparandi blöndunartæki

Ef  $\geq 90\%$  blöndunartækja í vöskum fyrirtækisins eru vatnssparandi, þ.e.a.s. með hámarks vatnsflæði 5 lítra/mínútu: 2 stig.

Ef  $\geq 90\%$  blöndunartækja í vöskum fyrirtækisins eru vatnssparandi þ.e.a.s. með hámarks vatnsflæði 8 lítra/mínútu: 1 stig.

Þessi krafa nær ekki til blöndunartækja í eldhúsi eða í baðkörum.



Útreikningur á hlutfalli blöndunartækja þar sem hámarks gegnumflæði vatns er 5 og 8 lítrar/mínútu.



Tæknilegar upplýsingar eða mælingar á vatnsflæði í gegnum blöndunartæki sem sýna flæði vatns í lítrum/mínútu.

### P17 Vatnssparandi sturtuhausar

Ef  $\geq 90\%$  af sturtuhausum fyrirtækisins eru vatnssparandi með hámarks vatnsflæði 8 lítra/mínútu: 2 stig.

Ef  $\geq 90\%$  af sturtuhausum fyrirtækisins eru vatnssparandi með hámarks vatnsflæði 11 lítra/mínútu: 1 stig.



Útreikningur á hlutfalli sturtuhausna þar sem hámarks gegnumflæði vatns er 8 og 11 lítra/mínútu:



Tæknilegar upplýsingar um flæði vatns í gegnum sturtuhausna eða mælingar sem sýna gegnumflæði vatns í lítrum/mínútu.

### P19 Salerni

Ef  $\geq 50\%$  salerna er vatnssparandi: 2 stig.

ef  $\geq 20\%$  –  $< 50\%$  salerna er vatnssparandi: 1 stig.

Ef ekki er mögulegt að hafa lítið vatnsflæði í fráveitukerfinu sökum tæknilegra annmarka (framvísa skal staðfestingarskjölum þess efnis frá óháðum aðila) getur skrifstofa Svansins gefið fyrirtækinu 1 stig.



Útreikningar á hlutfalli vatnssparandi salerna.

## 1.7 Úrgangsmál

### 017 Flokkun

Skylt er að flokka a.m.k. þrjá úrgangsflokka úr listanum hér fyrir neðan:

- Gler (ólitad og litad)
- Málmar
- Lífrænn úrgangur (matarleifar og garðaúrgangur)
- Pappír (úrgangspappír og skrifstofupappír)
- Pappi (bylgjupappi og kartonpappi)
- Harðplast
- Mjúkt plast

Valda úrgangsflokka skal senda til endurnýtingar. Lífrænan úrgang skal senda til lífrænnar meðhöndlunar/endurvinnslu þar sem hann er brotin niður. Lífræn meðhöndlun felur t.d. í sér moltugerð, framleiðslu lífræns eldsneytis eða dýrafóðurs. Athugið að uppfylla skal allar gildandi reglugerðir ef lífrænn úrgangur er notaður í dýrafóður.

*Ef einhverjir úrgangsflokkar í listanum hér að ofan eru flokkaðir saman innan fyrirtækisins (t.d. gler og málmur), skal telja þá sem tvo aðskilda flokka svo framarlega sem þeim er haldið aðskildum og endurnnir hjá úrgangsméðhöndlun/endurvinnslufyrirtækinu á seinni stigum.*

*Ath.: Gerð er krafa hér á landi um flokkun spilliefna eins og á við um önnur Norðurlönd og þá kröfu skal uppfylla, hún er þess vegna ekki tekin sérstaklega fram hér.*



Skjöl sem sýna hvaða úrgangsflokkar eru stærstir auk lýsingar á því hvernig þeim er komið í endurvinnslu/endurnýtingu.

## 018 Úrgangsflokkun gesta

**Ráðstefnuaðstaða og hótél:** Gestir verða að geta flokkað úrgang í a.m.k. 2 úrgangsflokka (blandaður úrgangur ekki meðtalinn) í ráðstefnuaðstöðu og gestaherbergjum, eða þá að starfsfólk sjái um flokkun. Ákjósanlegast er ef bæði gestir flokkuðu eigin úrgang sem og starfsfólk við vinnu sína.

Upplýsingar verða að vera til staðar fyrir gesti með leiðbeiningum um þá 2 úrgangsflokka sem gestir geta flokkað. Ef starfsfólk flokkar úrganginn, verður að skilgreina verkferli í því sambandi.

**Veitingahús:** Ef viðskiptavinir ganga sjálfir frá sínu óhreina leirtaui verða að vera til staðar skýrar leiðbeiningar um flokkun úrgangs.



Skilgreining á því hvaða úrgangsflokka gestir geta sjálfir flokkað í innan ráðstefnuaðstöðu/gestaherbergja og hvernig þeir eru upplýstir um það.



Verkferli fyrir starfsfólk um flokkun þar sem starfsfólk ber ábyrgð á flokkun.



Vettvangsskoðun.

## P20 Meðhöndlun lífræns úrgangs (hámark 3 stig)

Lífrænn úrgangur skal flokkaður og sendur til lífrænnar meðhöndlunar/endurvinnslu eins og í moltugerð, gerð dýrafóður eða til framleiðslu á lífrænu eldsneyti. Athugið að uppfylla þarf allar gildandi reglugerðir um notkun lífrænna úrgangsefna í fóður.

Hótél og ráðstefnuaðstaða: 2 stig

Veitingastaðir: 3 stig

*Lífrænn úrgangur er samsettur úr matarleifum og garðaúrgangi.*

*Meðhöndlun hans má fara fram á staðnum eða annarsstaðar*

*t.d. á vegum sveitarfélagsins.*

*Bruni á lífrænum úrgangi í sorpbrennslustöðvum telst ekki sem lífrænt eldsneyti í þessu skjali.*



Lýsing á meðhöndlun lífræns úrgangs ásamt úrgangsskýrslu eða vottorði frá úrgangsfyrirtæki um á hvern hátt lífrænn úrgangur er meðhöndlaður.

## 1.8 Innkaup

Innkaupakröfum um matvæli og drykkjarföng er lýst í köflum 1.9 og 2.

### 019 Innkaup á sparperum, flúrljósum og LED-ljósum

Um innkaup gildir eftirfarandi:

Sparperur skulu endast í a.m.k. 10.000 klst.

Flúrperur (með tveimur innstungum) skulu endast í a.m.k. 20.000 klst.

LED-ljósaperur skulu endast í a.m.k. 25.000 klst.

Annar möguleiki er að kaupa umhverfismerktar sparperur, flúrperur og LED-ljós.

*Sparperur koma í staðinn fyrir hefðbundnar ljósaperur og flúrperur með skrifsgangi/ hefðbundnar flúrperur. Með LED er átt við díóðu sem gefur frá sér ljós og er orkusparandi valkostur við hefðbundna ljósing. LED-ljósing er mjög orkusparandi.*

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svaninum eða öðru umhverfismerki ESB.*



Verkferlar skulu vera til staðar fyrir innkaup á sparperum, flúrperur og LED-ljós.

### 020 Umhverfismerktar eldhúsrúllur, þurrkur og salernispappír

90% af rúmmáli hreinsipappírs, þ.e. eldhúsrúllur, pappírþurrkur og salernispappír, verður að vera umhverfismerkt. Skrifstofa Svansins getur veitt undanþágu frá þessari kröfu ef enginn umhverfismerktur hreinsipappír er fáanlegur.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svaninum eða öðru umhverfismerki ESB.*



Listi yfir hreinsipappír sem er notaður í fyrirtækinu með upplýsingum um hlutfall umhverfismerktar vöru, vöruheiti, vottunarnúmer og birgi.

### 021 Umhverfismerktur ljósritunarpappír

90% af rúmmáli innkeypts ljósritunarpappírs verða að vera umhverfismerkt.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svaninum eða öðru umhverfismerki ESB.*



Listi yfir ljósritunarpappír sem notaður er í fyrirtækinu með upplýsingum um hlutfall umhverfismerktar vöru, vöruheiti, vottunarnúmer og birgi.

### P21 Umhverfismerkt einnota vara (hámark 6 stig)

Taflan hér fyrir neðan sýnir hlutfall sem þarf að ná til að fá ákveðnum stigafjölda, gefinn fyrir viðkomandi umhverfismerкта einnota vöru. Að hámarki er hægt að fá 6 stig.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svaninum eða umhverfismerki ESB. Fyrir kemiskar vörur (sápur og sjampó, gólfumhirðivörur, iðnaðarhreinsa og fituuppleysiefni, hreinsiefni notuð í matvælaíðnaði og bleikiefni) teljast umhverfismerktar ef þær hafa t.d. Bra Miljöval merkið.*

Ekki má gefa stig samkvæmt þessari kröfu ef varan hefur fengið stig vegna annarrar kröfu.

Fyrirtækið kaupir eftirfarandi umhverfismerktar vörur:

Umhverfismerkt einnota vara (innkeypt magn sem % af heildar innkaupum)	Stigafjöldi
Sápa og sjampó ≥ 90%	2 stig
Sápa og sjampó ≥ 50%	1 stig
Pappírþurrkur ≥ 50%	1 stig
Sala til gesta ≥ 50% af vöru sem eru í boði þ.e. tannkremi, sjampói og sápu	1 stig
Örtrefjaklútar, moppur ≥ 50%	1 stig
Rafflöður ≥ 90%	1 stig
Prentihylki ≥ 90%	1 stig
Flettitöflur ≥ 90%	1 stig
Pennar fyrir flettitöflur/fyrir hvítar töflur/ritun-pennar almennt ≥ 90%	1 stig fyrir hverja vöru

Kerti $\geq$ 50%	1 stig
Gólfumhirðivörur (t.d. vax fyrir gólf, bón o.s.frv.) $\geq$ 50%	1 stig
Iðnaðarhreinsir og fituuppleysiefni $\geq$ 50%	1 stig
Hreinsiefni notkuð í matvælaíðnaði $\geq$ 50%	1 stig
Bleikiefni $\geq$ 50%	1 stig
Annað $\geq$ 50%	1 stig fyrir hverja vöru, háam. 2 stig



Listi yfir innkeypta vöru sem sýnir vöruheiti, birgi, vottunarnúmer og notkunarsvið.



Útreikningur fyrir hlutfall umhverfismerkra vara af heildarinnkaupum í hverjum vöruflokki fyrir sig.

## 022 Svansmerkt prentað efni

Að minnsta kosti 50% af heildarmagni prentaðs efnis sem er keypt af fyrirtækinu verður að vera prentað af Svansmerktri prentsmiðju og vera Svansmerkt.

*Prentað efni er t.d. aughýsingaefni, bæklingar, pöntunareyðublöð fyrir hótél, efnalaugar, berbergisþjónustu o.fl., og blokkir og blöð með lógó hótelsins. Reglan gildir einnig um prentað efni sem hótélkeðja pantar miðlægt frá aðalstöðvunum.*

*Athugið að sérstaklega þarf að biðja um umhverfismerkt prentað efni í prentsmiðju, jafnvel þótt hún sé Svansvottuð. Hótelið ber ábyrgð á því að Svansmerkið sjáist á prófórki fyrir samþykki og prentun.*



Listi sem sýnir nafn og vottunarnúmer prentsmiðju sem er notuð og upplýsingar um Svansmerkt prentað efni sem fyrirtækið hefur pantað.



Gögn frá prentsmiðju eða útreikningur frá fyrirtækinu um hlutfall innkeypts prentefnis sem er Svansmerkt (má skrifa sem fjöldi/Kr/€).

## P22 Svansmerkt prentefni

Ef  $\geq$  90% af heildarmagni prentefnis fyrir fyrirtæki er prentað í Svansvottaðri prentsmiðju og er Svansmerkt: 2 stig

*Prentefni er t.d. aughýsingaefni, bæklingar, pöntunareyðublöð fyrir hótél, efnalaugar, berbergisþjónustu o.fl. og blokkir og blöð með lógó hótelsins. Nær einnig til prentefnis sem hótélkeðja pantar miðlægt/frá aðalstöðvum.*

*Athugið að umhverfismerkt prentefni verður að biðja sérstaklega um í prentsmiðju, jafnvel þótt hún sé Svansvottuð. Hótél bera ábyrgð á því að Svansmerkið sjáist á prófórki fyrir samþykki og prentun.*



Listi yfir prentsmiðjur með vottunarsnúmerum og upplýsingar um Svansmerkt prentefni sem fyrirtækið hefur pantað.



Skjal frá prentsmiðju eða útreikningur frá fyrirtækinu sem sýnir hlutfalls prentefnis sem er Svansmerkt (má skrifa sem fjöldi/Kr/EUR).

## P23 Umhverfismerktar vörur með lengri endingartíma (hámark 4 stig)

Taflan hér fyrir neðan sýnir mismunandi hlutfall umhverfismerkra vara, með lengri endingartíma, sem þarf til að ná ákveðnum stigafjölda. Að hámarki er hægt að fá 4 stig.

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svánum eða umhverfismerki ESB. Vefnaðarvörur teljast umhverfismerktar sem eru t.d. merktar Bra Miljöval - Treifar og frágangur af flokki 1 og bómullarvörur sem eru merktar með GOTS<sup>1</sup> umhverfismerki.*

<sup>1</sup> Global Organic Textile Standard



Fyrirtækið kaupir eftirfarandi umhverfismerktar vörur:

Umhverfismerktar vörur með lengri endingartíma (innkeypt magn sem % af heildarmagni innkaupa)	Stigafjöldi
Skrifstofubúnaður (tölvur, ljósrítunarvélar o.s.frv.) ≥ 50%	1 stig
Sjónvarp í gestaherbergjum ≥ 10%	2 stig
Sjónvarp í sameiginlegu rými ≥ 10%	1 stig
Skjávarpar ≥ 50%	1 stig
Húsgögn í hverjum flokki, rúm, borð o.s.frv. ≥ 10%	1 stig fyrir hverja vöru hárm. 3 stig
Vefnaðarvara (þ.m.t. borðdúkar og borðþurrkur) ≥ 20%	2 stig
Sængurföt og handklæði ≥ 40%	2 stig
Sængurföt og handklæði 20% - < 40%	1 stig
Sængurföt og handklæði úr lífrænum efnum 20% - < 40%	0,5 stig
Gólfefni ≥ 10%	1 stig
Vinnuföt, a.m.k. einn flokkur starfsmanna, a.m.k. ein flík	0,5 stig
Annað	1 stig fyrir hverja vöru hárm. 2



Listi yfir vörukaup sem sýnir vöruheiti, birgi, vottunarnúmer og notkunarvið. Ef vefnaðarvara er send í þvottahús/efnalaug og birgir getur staðfest að fyrirtækið kaupir einungis umhverfismerktar/umhverfisvæna vefnaðarvöru, telst krafan uppfyllt.



Útreikningur sem sýnir hlutfall umhverfisvottaðra vara af heildarinnkaupum.

## P24 Umhverfisvottuð þjónusta (hámark 2 stig)

A.m.k. 50% af eftirfarandi þjónustu er umhverfisvottuð:

Þjónusta	Stigafjöldi
Þrif	2 stig
Valkvæð hreinsun í efnalaug/efnalaug ekki notuð	1 stig
Handklæðarúllur	1 stig
Bílaþvottur	1 stig
Annað	0,5 stig á hverja þjónustu, að hámarki 2 stig

Þessi krafa veitir ekki stig fyrir umhverfismerktar efnalaug sem hefur þegar blotið stig vegna annarrar kröfu. Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svanimum eða umhverfismerki ESB.



Listi yfir aðkeypta þjónustu; birgi, vottunarnúmer og notkunarvið.



Útreikningur sem sýnir hlutfall umhverfisvottaðrar þjónustu af heildarinnkaupum fyrir hvert þjónustusvið.

## 1.9 Framreiðsla matar og drykkjar

Hótel sem bjóða einungis upp á morgunverð, ráðstefnuaðstaða með upphitunareldhúsi og hótél með aðkeyptan morgunverð (sjá O3) skulu uppfylla allar skyldubundnar kröfur í þessum kafla 1.9.

Með upphitunareldhúsi er átt við aðstöðu þar sem ekki er hægt að elda annan mat en morgunmat. Aðstaðan býður upp á upphitun málsverða, t.d. smárétta, tilbúinna aðkeyptrar rétta, í örbylgjuofni eða ofni.

Veitingastaðir með framleiðslueldhús eiga að uppfylla kröfur O23 og O24 og fá stig skv. P25 í þessum kafla 1.9 "Þjónusta matar og drykkjar" og samkvæmt kröfum í kafla 2 "Matvæli".

**O23 Einnota umbúðir og varningur**

Einnota umbúðir og varningur (s.s. diskar, bollar og hnífapör), staka matarpakka eða litlar pakkningar má ekki nota í borðsal eða á öðrum stöðum þar sem matur er framreiddur (sameiginleg rými, í anddyri eða á svölum).

Undantekningar:

- Take-away matur/heimsendur matur, herbergisþjónusta, veislu- og skyndibitaþjónusta, sjá kröfu O24
- pappírspurrkur, tannstönglar og tepokar
- vörur til sölu í stökum pakkningum eins og ís, súkkulaði og gosdrykkir
- drykkjarrör og kokteilmannar, afhentir persónulega, t.d. við barinn

*Þegar talað er um skyndibita er átt við einfaldan mat, tilbúinn til neyslu.*

*Ef um er að ræða kaffivél í anddyri þar sem gestirnir geta keypt kaffi til að taka með, má nota einnota drykkjarmál og lok. Drykkjarmálin og lokin skulu uppfylla kröfu O24.*

Svanurinn getur veitt undanþágu frá þessari kröfu við sérstakar aðstæður, t.d. ef uppþvottavélar bílar, af hreinlætisástæðum eða ef veita þarf óvenju stórum hópi gesta þjónustu. Notkun einnota umbúða og varnings þarf að rökstyðja. Í rökstuðningi skal sýna fram á að sá fjöldi gesta sem reiknað er með sé talsvert meiri en sá fjöldi sem venjulega er tekið á móti.



Yfirlýsing sem sýnir fram á að krafan sé uppfyllt í samræmi við skilgreiningar.



Vettvangsskoðun.

**O24 Einnota umbúðir og varningur fyrir take-away/heimsendan mat, herbergisþjónustu, veislu- og skyndibitaþjónustu**

75% af þyngd einnota umbúða og varnings fyrir take away/heimsendan mat, herbergisþjónustu og veislu- og skyndibitaþjónustu yfir árið skal vera úr endurvinnanlegu efni þ.e. pappír, pappa, tré eða endurvinnanlegu plasti. Umhverfismerktar einnota umbúðir og varningur eru taldar uppfylla kröfuna.

Efnin mega ekki innihalda PVC plast.

*Krafan nær ekki til servíetta, tannstöngla, vara sem eru til sölu í stökum pakkningum, drykkjarröra og kokteilmannar.*



Lýsing á einnota umbúðum og varningi sem staðfestir úr hvaða efnum þær eru og útreikningur sem sýnir þyngdarhlutfall einnota, umhverfismerktara vara.



Ef umhverfismerktar einnota umbúðir og varningur eru notaðar skal gefa upp vöruheiti, birgi og vottunarnúmer.

**P25 Umhverfismerktar einnota vörur**

Ef 20% eða meira af rúmmáli aðkeyptar einnota vöru fyrir take-away/heimsendan mat, herbergisþjónustu, veislu- og skyndibitaþjónustu er umhverfismerkt: 1 stig

Ef engar einnota vörur eru notaðar: 1 stig

*Umhverfismerkt þýðir að varan er merkt Svansmerkinu eða umhverfismerki ESB.*



Listi yfir hlutfall umhverfismerktara einnota vara fyrir take away (heimsendan mat), herbergisþjónustu og veislu- og skyndibitaþjónustu, gerð einnota vöru og vottunarnúmer.

## 025 Lágmarkshlutfall lífræns matar og drykkjar fyrir hótél sem bjóða morgunverð (viltur fiskur og skelfiskur undanskilinn)

Veitingahús sem bjóða morgunverð skulu kaupa a.m.k. 5% lífrænt vottuð matvæli og drykk af heildar rúmmáli hvers árs (gefið upp í Kr/€). Annar möguleiki er að hótél bjóði upp á morgunverð með a.m.k. 10 lífrænum matvörum/drykkjum á hverjum degi. Kaffi, te og krydd telst einungis ein vara hver um sig.

*Til lífrænna matvæla og drykkja teljast vörur sem eru vottaðar í samræmi við kröfur innan ESB: reglugerð EG 834/2007, EG 710/2009 (eldis fiskur og skeldýr) og EG 203/2013 eða skv. KRAV, Luomu, Debio, Statskontrollerat ekologiskt (Ø-märket) eða Tún-lífrænt.*



Yfirlýsing um að krafan sé uppfyllt, ásamt samantekt á því hve stórt hlutfall af heildar rúmmáli innkaupa hvers árs samanstendur af lífrænum mat og drykkjarföngum. Skjöl sem staðfesta prósentuhlutfall árlegs rúmmáls lífræns matar og drykkjar sem keyptur er.



Annar möguleiki er að láta fylgja samantekt á innkeyptum lífrænum matvælum og drykkjarföngum boðin daglega. Framleiðanda, birgi og lífrænar merkingar þarf að tilkynna fyrir hverja tegund matvæla og drykkjarfanga.

## 1.10 Flutningar

### 026 Flutningar vegna veisluþjónustu/heimsendingu í eigin farartæki

Krafan gildir um eigin farartæki fyrirtækisins sem notuð eru í veisluþjónustu/heimsendingu:

- Allir bílstjórar skulu hafa lokið námi í vistakstri. Verkferli eiga að vera til staðar til að tryggja að nýir starfsmenn ljúki slíku námi eigi síðar en 6 mánuðum eftir að þeir hefja störf.
- Þegar ný farartæki eru keypt/fyrir veisluþjónustu/heimsendingu, skulu þau uppfylla nýjustu gildandi Euronorm staðla. Þetta gildir frá dagsetningu umsóknar um Svansvottun.

*Eigin farartæki vísar til farartækja sem fyrirtækið á og sem fyrirtækið hefur á leigu.*



Staðfesting námskeiðshaldara um að bílstjórar hafi lokið námskeiði í vistakstri og verkferli sem sýna hvernig fyrirtækið tryggir að nýir bílstjórar ljúki vistaksturnámskeiði innan 6 mánaða.



Verkferli sem tryggja að ný farartæki uppfylli nýjustu Euronorm staðla frá því að sótt er um Svansvottun.

### P26 Aðrir flutningar í eigin farartæki

Ef meira en 5% af árlegum innkaupum fyrirtækisins á bifreiðaeldsneyti er Svansmerkt: 1 stig



Samantekt með útreikningi sem sýnir hlutfall Svansmerktis eldsneytis sem keypt hefur verið undanfarið ár.

### P27 Aðrir flutningar (ekki með eigin farartæki) (hámark 1 stig)

Fyrirtæki sem haga flutningum sínum með eftirfarandi hætti í þeim tilgangi að takmarka umhverfisáhrif fá 1 stig:

- fyrirtækið hefur undanfarna 12 mánuði fækkað flutningsaðilum (sem afhenda vörur reglulega) um 25%.
- meira en 50% af bílstjórum birgja hafa lokið námskeiði í vistakstri.
- meira en 50% af bifreiðaflota birgis notar Svansmerkt eldsneyti.

*Vistakstur vísar til námskeiða í vistakstri.*



Staðfesting á því að krafan sé uppfyllt skv. ofangreindu.

## 1.11 Verkferli

Til að tryggja að kröfum Svansvottunar sé mætt á meðan vottunin er í gildi, verður fyrirtækið að hafa eftirfarandi verkferli skjalfest.

Ef hótelið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 eða EMAS, sem inniheldur eftirfarandi verkferli, dugir vottunaraðila að staðfesta að kröfur í þessum kafla 1.11 og kröfur O7 og O15 hafi verið uppfylltar.

### 027 Lagaleg verkferli

Fyrirtækið skal tryggja að viðeigandi löggjöf sé uppfyllt varðandi vinnumhverfi, ytra umhverfi, fjármál, hreinlæti og heilsu. Fyrirtækið má ekki fá neikvæða athugasemd frá opinberri stofnun eða yfirvöldum án þess að bregðast við innan gefins frests. Skrifstofa Svansins getur afturkallað vottunina ef krafan er ekki uppfyllt.



Undirritað umsóknareyðublað.

### 028 Upplýsingar um Svaninn fyrir starfsfólk

Alla starfsmenn, og utanaðkomandi verktakar, skal upplýsa árlega um umhverfisstarf hótelsins og hvað felst í Svansvottun. Allar deildir skulu upplýstar um þær umbætur í umhverfismálum sem fyrirtækið vinnur að, um niðurstöður mælinga á viðmiðunargildum sem og breytingar á verkferlum er varða Svansvottunina. Nýir starfsmenn skulu upplýstir um framangreint innan 4 vikna frá því þeir hefja störf.



Fyrirtækið skal skrá upplýsingar sem veittar eru starfsmönnum á ársgrundvelli og tryggja að þær séu tiltækar öllu starfsfólki innan fyrirtækisins svo og utanaðkomandi verktökum. Skrá skal nöfn starfsfólk sem hefur mætt á upplýsingafundi.



Verkferli um það á hvern hátt fyrirtækið upplýsir starfsfólk um vinnu sem tengist Svansvottuninni, ásamt verkferli sem tryggir að nýir starfsmenn fái kynningu á Svansvottuninni/hvað vottun felur í sér innan 4 vikna.

### 029 Upplýsingagjöf til viðskiptavina

Upplýsa skal gesti í móttöku fyrirtækisins og vefsíðu þess (ef til staðar) um að fyrirtækið sé Svansvottað. Þetta gildir frá þeirri dagsetningu sem Svansvottunin var samþykkt. Svansmerkinu skal miðlað með skýrum hætti, t.d. á veggspjöldum og með auglýsingum frá skrifstofu Svansins.

Hótel með ráðstefnusal sem verður að ráða undirverktaka til að sjá um veitingar skal upplýsa gesti við pöntun að utanaðkomandi veitingaþjónusta sé ekki Svansmerkt.



Lýsing á því hvernig/hvar gestir eru upplýstir um að fyrirtækið hafi hlotið Svansvottun og ef við á að veitingar komi frá utanaðkomandi veitingaþjónustu sem ekki er Svansmerkt.

### 030 Innkaup og verkferli er tengjast birgjum

Fyrirtækið ber ábyrgð á því að tryggja að kröfur Svansvottunar séu uppfylltar allan þann tíma sem vottunin er í gildi og skal hafa verkferli fyrir innkaup á vörum sem tengjast kröfum vottunarinnar. Verkferlin verða a.m.k. að ná yfir:

- innkaup á neysluvöru (kröfur O19, O20, O21, O22)
- innkaup á lífrænum matvælum og drykkjarvöru (O25 fyrir hótél með morgunverði, O37)
- breytingar á birgjum prentefnis og efnalaug/þvottahúsi fyrir vefnaðarvöru



Afrit af verkferlum við innkaup og samskipti við birgja neysluvara, lífrænna matvæla og drykkjarvara, við breytingar á birgjum prentefnis og vefnaðarvöruþjónustu.

### 031 Innra eftirlit með umhverfisstarfinu

Ábyrgðaraðili Svansvottunarinnar innan fyrirtækisins, innkaupastjórar í deildum og stjórnendur, skulu framkvæma innra eftirlit, a.m.k. einu sinni á ári, með það að markmiði að

bæta umhverfisstarf fyrirtækisins. Innra eftirlit skal framkvæmt í samræmi við eftirlitsáætlun og ná a.m.k. til eftirfarandi þátta:

- kvartanir gesta.
- að Svansvottun sé gestum fyrirtækisins vel sýnileg.
- tryggja skýrar leiðbeiningar um úrgangsflokkun fyrir gesti og starfsfólk.
- tryggja eftirlit með orkukrefjandi tækjabúnaði.
- tryggja að einungis leyfilegar tegundir einnota vara séu notaðar.



Verkferli fyrir innra eftirlit.

### 032 Árleg eftirfylgni

Kröfum Svansvottunarinnar skal fylgt eftir árlega. Skrifstofa Svansins getur krafist skriflegrar skýrslu um það hvort umhverfiskröfum sé framfylgt eða komið í vettvangsskoðun í fyrirtækið.

Ekki þarf að skila inn skýrslum þegar umsókn er skilað inn.

### 033 Kröfur Svansvottunar skjalfestar

Öll skjöl er varða Svansvottun skulu vera tiltæk í húsakynnum vottunarhafa. Dæmi um þetta eru mælingaskýrslur er varða viðmiðunargildi eða lista yfir fólk sem hefur verið upplýst um kröfur og viðmið Svansins. Sá aðili sem ber ábyrgð á vottun fyrirtækisins, ber ábyrgð á því að tryggja að öll skjalastjórnun sé í lagi og að skjöl séu aðgengileg (til staðar í viðkomandi deildum).



Vettvangsskoðun.

## 2 Matvæli

Kröfur þessa kafla eiga við um allar tegundir veitingastaða þ.m.t. kaffihús og veisluþjónustu/heimsendingu. Hins vegar eru hótél sem bjóða einungis upp á morgunverð, snakk og léttá málsverði (hótél með upphitunareldhúsi) ekki tekin með. Til viðbótar við kröfurnar hér fyrir neðan, gilda allar skyldubundnar kröfur, að undanskilinni kröfu O25 í kafla 1 “Lágmarkskröfur”.

### 034 Uppruni kjöts og fisks

Veitingastaðurinn skal geta upplýst gesti um upprunaland kjöts og fisks sem borið er fram sem aðalréttur. Verkferli skulu vera til staðar sem lýsa því hvernig veitingastaðurinn tryggir að gestir geti nálgast þessar upplýsingar.



Verkferli veitingastaðarins sem tryggja að gestir geti fengið upplýsingar um upprunaland kjöts og fisks sem borinn er fram sem aðalréttur.

### 035 Fiskur og skelfiskur í útrýmingarhættu

A) Eftirfarandi tegundir sem eru í útrýmingarhættu eða í hættu samkvæmt rauðum lista IUCN<sup>2</sup> má ekki bera fram á Svansvottuðu veitingahúsi:

- Hákarl
- Skata
- Villt styrja (Acipenseriformes)
- Túnfiskur úr Atlantshafi (Atlantic bluefin) og úr Suður-Atlantshafi (Southern bluefin tuna) (Thunnus thynnus og Thunnus maccoyii)
- Áll (Anguilla anguilla)

B) Tegundir í töflunni hér á eftir má ekki bera fram á Svansvottuðu veitingahúsi ef þær eru á rauðum lista yfirvalda<sup>3</sup> yfir tegundir í hættu.

<sup>2</sup> <http://www.iucnredlist.org/>

<sup>3</sup> Rauði hættulisti Danmerkur: On the following link, choose the species group "Ferskvandsfisk":

<http://bios.au.dk/videnudveksling/fagligt/dyrplanter/redlistframe/artsgrupper/Finland> on page 336 in the report on the following link: <http://www.ym.fi/fi->

FI/Ajankohtaista/Julkaisut/Erillisjulkaisut/Suomen\_lajien\_uhanalaisuus\_\_Punainen\_kir%284709%29

Norway: On the following link, choose "Fish": <http://www.artsportalen.artsdatabanken.no/>

Svíþjóð On the following link, choose "Fish (Pisces)":

<http://www.artfakta.se/GetSpecies.aspx?SearchType=Advanced>

Fisktegundir	Á rauðum lista (í útrýmingarhættu eða í hættu) í eftirfarandi löndum:
Steinbítur ( <i>Anarhichas lupus</i> )	Í Svíþjóð:
Lúða ( <i>Hippoglossus hippoglossus</i> /Reinhardtius <i>hippoglossoides</i> )	Í Svíþjóð:
Karfi ( <i>Sebastes mentella</i> , <i>Sebastes marinus</i> )	Í Noregi:
Sjóbirtingur ( <i>Salmo Trutta</i> )	Í Finnlandi:

- C) Hitabeltsrækjur, þ.e. stórrækjur (*scampi*), tígrískrækjur (*tigerrækjur*), kóngsrækjur (*kungsrækjur*), risarækju (*jätterækjur*) (Svíþjóð)/hitabeltsrækjur (*Tropisk reje*) (Danmörk), risarækjur (*Jättikatkarapu*) (Finnland)/hitabeltsrækjur (*Tropisk reke*) (Noregur)/hitabelts risarækjur (*Trópísk risarækja*) (Ísland) af *penaeid* fjölskyldunni (*Penaeus sp.*, *Metapenaeus sp.* og *Macrobrachium rosenbergii*) má ekki bera fram á Svansvottuðu veitingahúsi.

Listinn í töflunni (B-lið) hér fyrir ofan er endurskoðaður eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram. Villtan fisk, eldisfisk og skelfisk skv. liðum A, B og C má bera fram sé hann merktur samkvæmt staðli, sem samþykktur er Svaninum, til að meta sjálfbærnivottun fisktegunda og skelfisks.

Undantekning frá kröfunni er veitt fyrir hefðbundna notkun á hákarlategundinni *Somniosus microcephalus* og skötutegundinni *Dipturus batis*/*Raja batis* fyrir veitingastaði á Íslandi. Það verður að vera hægt að rekja uppruna fisksins frá veiðisvæði til fiskihafnar og yfirlýsing skal vera til frá eftirlitsaðilum með fiskveiðum sem sannar að veiðarnar uppfylli gildandi löggjöf.

Upplýsingar um mat á sjálfbærnivottun á fiski og skelfiski skv. leiðbeiningum Svansins við eru í *Vidauka 5*.



Verkferli veitingastaðar sem tryggja að ofangreindar kröfur séu uppfylltar. Sé borinn fram fiskur í lið B, þarf að vera hægt að rekja fiskinn alla leið til veiðisvæðis, sjá einnig O34. Til að hægt sé að bera fram tegundirnar *Somniosus microcephalus* og *Dipturus batis*/*Raja batis* skal liggja fyrir yfirlýsing frá yfirvöldum, auk upplýsinga um veiðisvæði og fiskihöfn.

### 037 Bann við notkun matvæla sem innihalda erfðabreytt efni

Notkun og framreiðsla á erfðabreyttum lífverum (GMO) á Svansvottuðum veitingastöðum er bönnuð. Veitingastaðurinn skal hafa verkferli sem tryggir að erfðabreytt matvæli séu ekki borin fram.

Slíkar vörur geta innihaldið hráefni á borð við soja, maís, repjufræ, sykurrófur og hrísgrjón.

GMO er *skammstöfun á Genetiskt Modifíerad Organism eða erfðabreyttar lífverur*.



Verkferli sem tryggir að fyrirtækið beri ekki fram matvæli sem samkvæmt lögum skal merkja sem erfðabreytt (GMO).

### 038 Lágmarks hlutfall lífrænna matvæla og drykkjarfanga (villtur fiskur og skelfiskur undanskilin)

Á veitingastöðum í Danmörku og Svíþjóð skulu a.m.k. 5% af öllum innkeyptum drykkjarvörum og matvælum árlega vera lífræn.

Veitingastaðir í Finnlandi, Noregi og Eystrasaltslöndunum skulu bjóða upp á a.m.k. 5 tegundir lífrænna matvæla og drykkjarfanga daglega. Til að teljast með skulu lífræn matvæli og drykkjarföng, t.d. kartöflur, kjöt, fiskur, egg, mjólkurvörur eða grænmeti, vera umtalsverður hluti rétta sem bornir eru fram. Veitingastaðir á Íslandi verða einnig að bjóða upp á minnst 5 tegundir lífrænna matvæla og drykkjarfanga daglega en megin uppistaða rétta þeirra þarf ekki að vera með lífrænum matvælum og drykkjarföngum.

Finnskir, norskir, íslenskir veitingastaðir, sem og í Eystrasaltsríkunum, geta einnig valið að skrá þessa upplýsingar sem hlutfall af árlegu innkaupsmagni.

Fyrir veisluþjónustu á Íslandi sem býður eingöngu einn rétt dag hvern má deila 5 tegundum lífrænna vara yfir mánuðinn, þ.e.a.s. bjóða upp á að lágmarki 5 rétti á mánuði þar sem megin hráefnin eru lífræn.

#### Undantekningar fyrir fyrirtæki með stóran bar eða næturlúbb:

Undantekningar má gera fyrir hótél og veitingastaði sem eru einnig með bari, næturlúbbba eða samsvarandi starfsemi þar sem innkaup á áfengi eru óvenjustór hluti af heildar innkaupum.

Innkaup á áfengi má draga frá heildarinnkaupum, svo framarlega að um hliðarstarfsemi sé að ræða og hægt að skilgreina veltu þeirrar starfsemi sérstaklega. Þetta á þó ekki við um bjór, vín og áfengi sem borið er fram með mat á veitingastaðnum.

“Óvenju stór hluti” á við ef áfengi er 70% af heildar innkaupum eða meira.

*Lífrænt á við um matvæli/drykkjarvörur sem eru merkt í samræmi við kröfur innan ESB: reglugerð EG 834/2007, EG 710/2009 (eldis fiskur og skeldýr) og EG 203/2013 eða skv. KRAV, Luomu, Debio, Statskontrollerat ekologiskt (Ø-märket) eða Tún-lífrænt.*

*Vegna mismunandi aðgengis að lífrænum vörum innan Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, eru kröfur um þetta atriði mismunandi. Með innkeyptu rúmmáli er átt við heildarmagn innkaupa á ársgrundvelli (Kr/€).*



Yfirlýsing um að krafan hafi verið uppfyllt og listi yfir hlutfall innkeyptra lífrænna matvæla og drykkjarfanga af árlegu heildarrúmmáli innkaupa. Fyrirtækið skal skila inn skjölum sem sýna rúmmál árlegra innkaupa af lífrænum matvælum og drykkjarvörum. Skjölin skulu að lágmarki ná yfir innkaup eins dæmigerðs mánaðar.



Einnig samantekt á innkeyptum lífrænum matvælum og drykkjarföngum, boðin daglega. Fyrir hverja tegund matvæla og drykkjarfanga skal skrá framleiðanda, birgi og lífræna merkingu.



Fyrir sjálfsafgreiðsluveitingastaði á Íslandi sem bjóða eingöngu einn rétt á dag má deila 5 tegundum lífrænna vara yfir mánuðinn, þ.e.a.s. bjóða upp á að lágmarki 5 rétti á mánuði þar sem helstu innihaldsefni eru lífræn. Fyrir hverja tegund matvæla og drykkjarvöru skal skrá framleiðanda, birgi og lífræna merkingu.



Sérstaklega skal tilkynna um innkaup á áfengi sem má draga frá heildarinnkaupum.

## P28 Lífræn matvæli og drykkjarföng (villtur fiskur og skelfiskur undanskilin)

Stig eru gefin í samræmi við hlutfall innkeyptra lífrænna matvæla og drykkjarfanga. Reiknað út samkvæmt einum eftirfarandi kostum:

Hlutfall innkeyptra lífrænna matvæla og drykkjarfanga		Stigafjöldi
Danmörk og Svíþjóð	Finnland, Noregur, Ísland og Eystrasaltslöndin	
> 35%	> 30 stykki	6
≥ 25 – < 35%	21–29 stykki	5
≥ 15 – < 25%	16–20 stykki	4
≥ 8 – < 15%	12–15 stykki	3
≥ 6 – < 8%	9–11 stykki	2
> 5 – < 6%	6–8 stykki	1

*Lífrænt á við um matvæli/drykkjarvörur sem eru merkt í samræmi við kröfur innan ESB: reglugerðum EG*

834/2007, EG 710/2009 (eldis fiskur og skeldýr) og EG 203/2013 eða skv. KRAV, Luomu, Debio, Statskontrollerat ekologiskt (Ø-märket) eða Tún-lífrænt.

Vegna mismunandi aðgengis að lífrænum vörum innan Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, eru kröfur um þetta atriði mismunandi. Fyrir veitingastaði í Danmörku og Svíþjóð gildir krafan um blutfall af árlegu innkeyptu rúmmáli. Með innkeyptu rúmmáli er átt við heildarmagn innkaupa á ársgrundvelli (Kr/€).

Hótel og veitingastaðir í Noregi, Finnlandi, Íslandi og Eystrasaltslöndunum geta staðfest kröfuna með fjölda tegunda matvæla/drykkjarfanga borin fram daglega. Þau geta einnig valið að gefa upp blutfall af árlegu heildarrúmmáli innkaupa og fá þá stig samkvæmt sömu viðmiðum og Svíþjóð og Danmörk.

Fyrir veislubjónustu á Íslandi sem býður eingöngu einn rétt dag hvern fást stig miðað við töfluna fyrir fjölda tegunda lífræna matvæla og drykkja umfram þau 5 megin hráefnin sem boðin eru í hverjum mánuði í samræmi við 038.



Yfirlýsing um að krafan hafi verið uppfyllt með samantekt yfir hlutfall aðkeyptra lífræna matvæla og drykkjarfanga af árlegu heildarrúmmáli innkaupa. Fyrirtækið skal skila inn skjölum sem sýna þetta hlutfall. Skjölín skulu að lágmarki ná yfir innkaup eins dæmigerðs mánaðar.



Eða samantekt á innkeyptum lífrænum matvælum og drykkjarföngum, boðin daglega. Fyrir hverja tegund matvæla og drykkjarfanga skal skrá framleiðanda, birgi og lífræna merkingu.

Fyrir veislubjónustu á Íslandi sem býður eingöngu upp á einn rétt dag hvern; samantekt á fjölda lífræna matvæla og drykkjarfanga sem helst eru notuð í hverjum mánuði. Fyrir hverja tegund matvæla og drykkjarvöru skal skrá framleiðanda, birgi og lífræna merkingu.

## P29 Hlutfall sjávarfangs sem merkt er sjálfbært

Ef a.m.k. 10% af öllum framreiddum villtum fiski og skelfiski og/eða eldisfiski er sjálfbærnivottað hráefni samkvæmt staðli sem uppfyllir kröfur Svansins: 2 stig

Ef a.m.k. 5% af framreiddum villtum fiski og skelfiski og/eða eldisfiski er sjálfbærnivottað hráefni samkvæmt staðli sem Svanurinn samþykkir: 1 stig

*Staðallinn skal uppfylla leiðbeiningar í viðauka 5. Sérhver staðall fyrir villtan veiddan fisk eða eldisfisk og skelfisk er metinn samkvæmt leiðbeiningum um hvernig meta eigi sjálfbærnivottun á fiski og skelfiski. Staðlar um fisk og skelfisk sem hafa verið samþykktir af Svaninum munu verða tiltækir fyrir vottunarhafa í rafrænu umsóknarleiddbeiningunum.*

*Eldisfisk og skeldýr sem skal merkja í samræmi við EG 710/2009 reiknast ekki með hér, heldur með 038 og P28.*



Yfirlýsing um að krafan hafi verið uppfyllt með samantekt á hlutfalli villtra fiska og skelfisks og eldisfisks, sem uppfyllir kröfur Svansins um sjálfbærnivottað hráefni, af árlegu heildarmagni innkaupa á villtum fiski og skeldýrum og eldisfiski. Fyrirtækið skal skila inn skjölum sem sýna þetta hlutfall. Skjölín skulu að lágmarki ná yfir innkaup eins dæmigerðs mánaðar.

## 039 Grænmetisréttir

Veitingastaður skal bjóða að lágmarki einn grænmetisrétt bæði í hádeginu og á kvöldin daglega. Þegar um hlaðborð ræðir, verður rétturinn að vera hluti af því bæði í hádeginu og á kvöldin.

*Með aðalrétt er átt við heitan eða kaldan rétt sem er heill málsverður út af fyrir sig, ekki bara einfalt salat eða forréttir/meðlati.*

*Veislubjónusta sem eingöngu er með einn rétt á boðstólnum dag hvern skal bjóða minnst 2 grænmetisrétti í hverjum mánuði.*

Ef einungis kaldur matur er borinn fram er brauð með grænmetisáleggi og/eða salatborð samþykkt sem grænmetisréttir að því tilkyldu að þau innihaldi eftirfarandi hráefni til viðbótar við grænmeti:

- Próteinríkt hráefni, t.d. belgbaunir, linsubaunir eða tofu
- pasta, hrísgrjón, kúskús eða sambærilegt



Staðfesting með lýsingu og afriti af matseðli.



### P30 Veitingahús með grænmetisrétti, dag tileinkuðum grænmeti og/eða kjötlausan dag (hámark 3 stig)

Veitingahúsið býður eingöngu grænmetisrétti: 3 stig

Veitingastaðurinn/herbergisþjónusta hótelsins hefur 1 grænmetisréttadag í hverri viku: 2 stig

Veitingastaðurinn/herbergisþjónusta hótelsins hefur a.m.k. 3 grænmetisrétti í boði bæði í hádeginu og á kvöldin daglega: 2 stig

Veitingastaðurinn/herbergisþjónusta hótelsins hefur 1 kjötlausan dag í viku hverri: 1 stig

Fyrir veisluþjónustu sem býður eingöngu upp á einn rétt dag hvern á eftirfarandi stigagjöf við:

Veisluþjónusta býður eingöngu upp á grænmetisrétti: 3 stig

Veisluþjónusta býður að lágmarki upp á 4 grænmetisrétti í mánuði: 2 stig

Veisluþjónusta býður að lágmarki upp á 3 grænmetisrétti í mánuði: 1 stig

*Á grænmetisréttadegi eru einungis bornir fram grænmetisréttir á veitingastaðnum, þ.e. hvorki kjöt né fiskur. Á kjötlausan deginum er ekki borið fram neitt kjöt á veitingastaðnum. Grænmetisréttadaginn má ekki telja sem kjötlausan dag. Undanþága frá þessari kröfu er gefin ef matur er borin fram sér til einstakera viðburða ef slík þjónusta er minni en 20% af heildarveltu veitingastaðarins.*



Afrit af matseðli fyrir grænmetisréttadaga og kjötlausan daga.



Fyrir veisluþjónustu sem býður eingöngu upp á einn rétt dag hvern; afrit af matseðli með grænmetisréttum sem boðið er upp á í hverjum mánuði.

### P31 Matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu

Stig eru veitt fyrir hversu hátt hlutfall af rúmmáli innkeyptrar vöru er matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu samkvæmt töflunni hér fyrir neðan.

Matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu geta verið bæði ræktuð og veidd eða tínd. Svanurinn samþykkir matvæli sem framleidd eru í nágrenninu ef uppruni vörunnar (bóndabær, höfn/bryggja, óbyggðir eða skóglendi) er þekktur og ef öll ræktun/veiði/tínsla/vinnsla og geymsla hefur átt sér stað innan 250 km rásar frá fyrirtækinu og ef hægt er að rekja vöruna með beinum hætti frá veitingastaðnum til upprunastaðarins (bóndabær, höfn/bryggja, óbyggðir eða skóglendi).

Fyrir fyrirtæki sem eru staðsett norðan við 62°N er 500 km rásar ásettanlegur.

Hlutfall matvæla og drykkjarfanga sem eru framleidd í nágrenninu af rúmmáli innkaupa*	Stigafjöldi
15% eða meira	1
≥ 10% - < 15%	0,5

*\* Ef vörur framleiddar af fyrirtækinu sjálfu eru notaðar, er hlutfall þeirra gefið upp sem þyngd eða rúmmál. Vín, áfengi, kaffi og te eru ekki tekin með í þann útreikning.*

*Ef varan er unnin í verksmíðju (unnin/ hálf-unnin) er nóg að tilkynna helstu innihaldsefni.*



Listi yfir vörur sem eru framleiddar á svæðinu og keyptar inn árlega, listi yfir framleiðendur þeirra (bóndabær/höfn/bryggja/óbyggðir/skóglendi) og staðfesting á því að kröfur um hámarks fjarlægð í km séu uppfylltar. Nota má Viðauka 6.



Skila skal inn skjölum sem sýna alla aðfangakeðjuna þannig að hægt sé að rekja vöruna.

### P32 Drykkjarvatn

Veitingastaðurinn býður ekki átappað vatn til gesta: 1 stig

*Átappað vatn er vatn sem tappað er á í átöppunarverksmíðju. Krafan gildir eingöngu um vatn sem boðið er á*

*veitingarstað. Herbergisþjónusta, take away/ heimsending og veislupjónusta er undanþegin þessari kröfu.*



Yfirlýsing sem sýnir að krafan sé uppfyllt. Lýsing á því hvað veitingastaðurinn býður upp á í staðinn fyrir átappað vatn.



Vettvangsskoðun.

### P33 Mæling á lífrænum úrgangi

Magn lífræns úrgangs skal mæla í þyngd eða rúmmáli, annað hvort af úrgangsfyrirtæki sem sækir úrganginn eða af veitingastaðnum sjálfum, miðað við fjölda gesta yfir a.m.k. eina dæmigerða viku á hverjum ársfjórðungi. Drykkjarföng skal ekki taka með í mælingunni. Mæliskýrslu eða úrgangsskýrslu skal skila af fyrirtækinu a.m.k. einu sinni á ári: 1 stig



Mæliskýrslur eða afrit af kvittunum frá úrgangsfyrirtæki sem sýnir magn lífræns úrgangs og tímabil sem mælingar fóru fram, ásamt fjölda gesta veitingastaðarins á sama tímabili.

## 3 Herbergi

Eftirfarandi kröfur eiga einungis við um fyrirtæki sem bjóða gistingu. Til viðbótar við kröfurnar hér að neðan, skal einnig uppfylla allar skyldubundnar kröfur í kafla 1.

### P34 Einnota hlutir

Engir einnota hlutir eru í baðherbergjum/hótelherbergjum: 4 stig

Að hámarki 25% hluta eru einnota í baðherbergjum/hótelherbergjum: 3 stig

*Með einnota hlutum er átt við hreinlætisvörur eins og sjampó, sápu og hárnæringu sem er ekki hægt að fylla á, og aðrar vörur sem eru ekki áfyllanlegar eins og sturtubausa, bursta/greidur, naglaþjalir, skóáburð o.fl. Krafan á ekki við um einnota hluti sem gesturinn getur fengið í afgreiðslunni, þ.e. einnota tannbursta, skóáburð, saumasett, inniskó o.s.frv. Krafan gildir heldur ekki um skammta pakkeiningar af te, kaffi, O'boy, kakói eða aðrar pakkeiningar af drykk, sykri og mjólk.*



Yfirlýsing sem staðfestir að engir einnota hlutir eru í baðherbergjum/gestaherbergjum, eða listi yfir hve mörg baðherbergi/gestaherbergi hafa einnota hluti.



Vettvangsskoðun.

### P35 Sjónvarpstæki, í biðham

Ef orkunotkun a.m.k. 90% sjónvarpstækja með sjálfvirkan slökkvara (off switch) er  $< 0.01$  W þegar slökkt er á tækinu og  $\leq 0.50$  W þegar tækið er í biðham (standby mode). Orkunotkun annarra sjónvarpa, sem slökkt er á með fjarstýringu, í biðham er  $\leq 0.30$  W: 2 stig

Engin sjónvörp eru í hótelherbergjum: 2 stig

*Með „biðham“ er átt við að sjónvarpstækið sé tengt við rafmagn og móttakara en ekki í notkun/sýnir ekki mynd/texta.*



Hlutfall sjónvarpstækja sem uppfylla kröfuna (gefið upp í prósentu) og yfirlýsing frá birgi eða listi yfir eiginleika tækisins sem staðfestir að kröfur séu uppfylltar.

### P36 Míniþar á hótelherbergi

Hámarks orkunotkun  $\geq 90\%$  míniþara er 0,6 kWst/dag: 2 stig

Hámarks orkunotkun  $\geq 90\%$  míniþara er 0,8 kWst/dag: 1 stig

Hótelherbergi hafa ekki míniþar: 3 stig

Að lágmarki 50% hótelherbergja hafa ekki míniþar: 1 stig



Yfirlýsing frá birgi eða samantekt um orkunotkun míniþara.



Útreikningur sem sýnir hlutfall míniþara.

**P37 Gestaherbergi sem eru sérsniðin að fólki með ofnæmi**

Ef a.m.k. eitt hótellherbergi er sérútbúið og aðlagð fólki með ofnæmi og ef hótelið hefur verkferli til að tryggja að svo sé: 1 stig

*Í herbergi sem er sérsniðið fyrir fólk með ofnæmi er má ekki reykja, gæludýr ekki leyfð og ekki notuð nein breinsi- eða þvottaefni sem innihalda ilmefni. Herbergið má auk þess ekki vera teppalagt.*



Lýsing á þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar og verkferlum sem farið er eftir til að tryggja að herbergin séu sérsniðin fyrir fólk með ofnæmi.

## 4 Sundlaugar

Eftirfarandi kröfur eiga einungis við um fyrirtæki sem hafa sundlaug. Sundlaug telst vera laug þar sem vatnið er í hringrás og er sótthreinsað. Heitir pottar eru ekki taldir með.

**P38 Sundlaugar - sótthreinsun**

Ef notað er umhverfisvænt sótthreinsiefni (þ.e. óson eða útfjólublátt ljós) í stað klórs: 2 stig



Lýsing á því hvernig vatnið í sundlauginni er hreinsað og sótthreinsað.

**P39 Heitar laugar (á einungis við á Íslandi)**

Orkunotkun í heitum laugum er stjórnað og fínstillt: 1 stig



Yfirlit yfir mæla sem eru sérstaklega fyrir sundlaugina.

## Markaðssetning

Svansmerkið er mjög vel þekkt og kynnt á Norðurlöndunum. Svansvottað fyrirtæki má markaðsetja með hjálp Svansmerkisins svo lengi sem vottunin er í gildi.

Birta skal Svansmerkið með þeim hætti að enginn vafi leiki á því í hvað merkið vísar og að ljóst sé að fyrirtækið er Svansvottað.

Nánari upplýsingar um markaðssetningu er að finna í „Regulations for the Nordic Ecolabelling of products“ frá 22. júní 2011 eða í síðari útgáfum.

## Svansmerkið

Útlit Svansmerkisins:



Sérhver Svansvottun hefur sex stafa vottunarnúmer sem skal birta neðan við

Svansmerkið eins og sýnt er hér að ofan.

Nánari upplýsingar um markaðssetningu Svansmerkisins er að finna í „Regulations for the Nordic Ecolabelling of products“ frá 22. júní 2011 eða í síðari útgáfum.

## Eftirlit með Svansvottun

Skrifstofa Svansins fylgist með því hvort fyrirtækið uppfylli kröfur Svansins eftir að vottun hefur verið veitt. Eftirlitið getur t.d. átt sér stað með vettvangsskoðun eða í gegnum handahófskennda skoðun.

Ef í ljós kemur að fyrirtækið uppfyllir ekki lengur kröfur Svansins er hægt að ógilda vottunina.

## Hversu lengi gildir Svansvottun?

Svanurinn aðlagði kröfur sínar að hótelum, veitingastöðum og ráðstefnusölum 23. október 2013 og gilda þær til 31. desember 2018.

Á fundi stjórnar Svansins ann 3. apríl 2014 var ákveðið að gera breytingar á kröfum O4 Viðmið fyrir orkunotkun, O38 Lágmarks hlutfall lífrænna matvæla og drykkjarfanga, O39 Grænmetisréttir, P30 Veitingahús með grænmetisrétti, ásamt því sem innleidd var ný krafa O34 Markaðssetning. Einnig voru gerðar leiðréttingar og breytingar á heildar stigagjöf fyrir hótél og veitingastaði. Stjórnin ákvað þann 14. maí 2014 að breyta kröfu O12 Kröfur um efni sem eru ekki umhverfismerkt. Stjórnin ákvað þann 10. júní að breyta kröfu O2 Ráðstefnuaðstaða: Ytri birgjar fyrir veitingaþjónustu, O15 Verkferli við innkaup - kemísk efni, P14 Skömmtun þurrkefna í uppþvottavélar, O19 Innkaup á sparperum, flúrljósum og LED-ljósum, O25/O38 Lágmarks hlutfall lífrænna matvæla og drykkjarfanga, P28 Lífræn matvæli og drykkjarföng og P29 Hlutfall sjávarfangs sem merkt sjálfbært. Ný útgáfa, með öllum framangreindum breytingum, er nr 4.1.

Svansvottunin gildir svo lengi sem kröfurnar eru uppfylltar og þar til þær falla úr gildi. Gildistímabil krafna má framlengja eða stilla og þá framlengist vottunin sjálfkrafa og vottunarhafi er látinn vita.

Að minnsta kosti einu ári áður en núgildandi kröfur falla úr gildi, verður tilkynnt hvaða kröfur munu gilda eftir að núgildandi kröfur falla úr gildi. Vottunarhöfum verður síðan boðið að endurnýja vottun sína.

## Nýjar kröfur

Í framtíðinni værir áhugavert að endurskoða eftirfarandi kröfur:

- Að herða kröfur fyrir viðmiðunarmörk, einkum fyrir viðmiðunarmörk orku og orkunotkun.
- Endurskoða hvort setja eigi aftur inn viðmiðunarmörk fyrir kemísk efni.
- Skoða möguleikann á því að auka hlutfall umhverfismerkra hreinsiefna.
- Endurskoða þörfina á því að breyta/aðlaga skilgreiningu á vöruflokkum fyrir veitingastaði.
- Herða kröfur um hlutfall lífrænna matvæla og drykkjarfanga á veitingastöðum

og skoða möguleikann á því að setja kröfu um lífræn matvæli og drykkjarföng sem hlutfall (%) af innkeyptu heildar rúmmáli fyrir Noreg, Finnland, Ísland og Eystrasaltslöndin.

- Herða kröfur um fisk og skelfisk, einkum ef um er að ræða djúphafsveiðar.
- Athuga kröfur er varðar annað hráefni en fisk.
- Móta kröfur fyrir viðmiðunarmörk fyrir lífrænan úrgang á veitingastöðum.
- Skoða möguleikann á því að umbuna fyrirtæki fyrir notkun annarra sótthreinsiaðferða í sundlaugum.
- Íhuga kröfur fyrir sundlaugarefni.
- Endurskoða kröfur um matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu.
- Íhuga að setja það sem skyldukröfu til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir úrgang frá þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á einnota hluti í hótélherbergjum.
- Endurskoða möguleikann á því að setja kröfu um að einnota hlutir í hótélherbergjum skuli vera umhverfismerktir.

## Viðauki 1 Upplýsingar um fyrirtækið

Almennar upplýsingar (sem allir skulu fylla út):

	Upplýsingar frá fyrirtæki	Athugasemdir	Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt
Heiti fyrirtækis			
Heimilisfang			
Sími			
Netfang			
Er gisting í boði			
Er morgunverður í boði (gefið upp hvort undirverktaki sjái um morgunverð)			
Er hádegisverður/kvöldverður í boði (gefið upp hvort undirverktaki sjái um morgunverð)			Vottunarnúmer undirverktaka gefið upp
Ráðstefnuaðstaða í boði			
Sundlaug/heilsulind í boði			
Eiginn bar/næturklúbbur?			
Er fyrirtækið hluti af hótélkeðju eða öðru samstarfi? Hvaða?			
Heildarsala á ári			
Tengiliður vegna umsóknar			
Ábyrgðaraðili Svansvottunar hjá fyrirtækinu			
Markaðsstjóri Svansvottunar			
<b>Gögn sem skal nota í Orkureiknivél</b>			
Heildarflatarmál <sup>4</sup>			Leigusamningur eða teikning þar sem heildarflatarmál kemur fram.
Fjöldi hæða			Fjöldi hæða sem eru skoðaðar á staðnum.

Aðskilin bygging, endabygging eða miðlæg bygging			Tegund bygginga skoðaðar á staðnum.
Er fyrirtækið einungis opið á vissum árstíðum? Í hvaða mánuði?			
Utanaðkomandi þvottahús (nafn þess og hvort sé Svansmerkt).			Ef efnalaug/þvottahús er Svansvottuð er gefið upp vottunarnúmer.

Frekari upplýsingar um fyrirtæki sem bjóða gistingu:

	Upplýsingar frá fyrirtæki	Athugasemdir	Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt
Sala gistinátta (þ.m.t. með morgunverði á hótelum)			
Fjöldi gestaherbergja			
Nýting og notkunarlutfall <sup>5</sup>			

<sup>4</sup> Heildarflatarmál er allt það rými sem þarf að hita upp í a.m.k. 10°C en bílskúrar eru ekki taldir með.

<sup>5</sup> Með nýtingu er átt við nýtingu á hverju herbergi eða rúmi í prósentum á síðasta ári.

Gögn sem skal nota í Orkureiknivél			
Flatarmál hótels <sup>6</sup>			Vettvangsskoðun
Fjöldi gistinátta <sup>7</sup>			Yfirlit sem byggir á bókunarkerfi eða samsvarandi gögnum.
Magn sængurfatnaðar og handklæða og annarrar hluta sem hefur verið þvegin			

Frekari upplýsingar um fyrirtæki með veitingastað:

	Upplýsingar frá fyrirtæki	Athugasemdir	Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt
Tegund veitingastaðar			
Veitingastaðurinn býður uppá skyndibita-, veisluþjónustu eða heimsendingu			
Veitingahúsasala (þ.m.t. sala veisluþjónustu, á bar eða í næturklúbbi)			
Gögn sem skal nota í Orkureiknivél			
Flatarmál veitingastaðar <sup>8</sup>			Vettvangsskoðun
Fjöldi matargesta <sup>9</sup>			Grunnur fyrir útreikning á fjölda gesta (annað hvort byggður á fjölda gesta yfir a.m.k. tveggja vikna dæmigert tímabil eða sem byggir á meðaltalsfjölda (ef fjöldi gesta er ekki reiknaður öðruvísi, t.d. með því að skoða fjölda framborinna rétta)). Námunda má fjölda gesta yfir í næsta þúsund ef um er að ræða fleiri en 100.000 gesti og yfir í næsta hundrað ef

			gestir eru færri en 100.000.
Fjöldi framborinna rétta			
Magn borðdúka og annarrar vefnaðarvöru úr veitingahúsi sem hefur verið þvegin			

<sup>6</sup> Ef fyrirtækið nær einungis til hótélrekstrar, þá samsvarar flatarmál hótelsins heildarflatarmáli þess. Ef fyrirtækið felur í sér aðra tegund starfsemi skal móttaka við inngang, gestaherbergi, baðherbergi, herbergi fyrir starfsfólk, auka geymslur og búr, telja sem hluti af flatarmáli hótelsins.

<sup>7</sup> Hótelgestur telst hver sá sem gistir á hótelinu yfir nótt. Hótelgestur sem gistir 2 nætur á hóteli samsvarar 2 hótelgestum, 2 gestir sem gista 2 nætur í tveggja manna herbergi samsvara 4 hótelgestum. Fjöldi hótelgesta má námunda yfir í næsta þúsund ef fjöldi gesta er yfir 100.000 og yfir í næsta hundrað ef fjöldi gesta er undir 100.000.

<sup>8</sup> Ef fyrirtækið rekur einungis veitingastað, er flatarmál veitingastaðarins heildarflatarmál þess. Flatarmál veitingastaðar á hóteli og/eda við ráðstefnuadstöðu nær yfir heildarflatarmál eldhúss, þ.m.t. uppþvottaadstöðu, matarbúrs, þurrgeymslu, kæligeymslu og frystigeymslu ásamt alls þjónustusvæðis þ.m.t. morgunverðarsalar, kvöldverðarsalar og bars sem tengdur er kvöldverðarsal. Önnur svæði sem eingöngu eru notuð þegar fjöldi gesta er mikill eins og móttaka við inngang, ráðstefnusalur, veislusalir o.s.frv. eru ekki taldir með í flatarmáli veitingastaðar.

<sup>9</sup> Matargestir eru gestir sem dvelja inn á veitingastað. Þetta eru bæði gestir sem borða og/eda drekka á veitingastað (þ.m.t. morgunverð, hádegisverð og kvöldverð) og bargestir, tónleikagestir og gestir á nakturklúbbi. Þegar hótelin hafa sinn eigin veitingastað þarf að tilkynna gesti sem nota veitingastaðinn sérstaklega sem matargesti. Fjöldi gesta sem nýta sér morgunverð er talinn vera sá sami og fjöldi hótelgesta.

Frekari upplýsingar um fyrirtæki sem bjóða ráðstefnuadstöðu:

	Upplýsingar frá fyrirtæki	Athugasemdir	Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt
Ráðstefnuvelta/sala			
<b>Gögn sem skal nota í Orkureiknivél</b>			
Flatarmál ráðstefnuadstöðu <sup>10</sup>			
Fjöldi ráðstefnugesta <sup>11</sup>			Yfirlit sem byggir á bókunarkerfi eða samsvarandi gögnum, eða útreikningi á fjölda gesta (annað hvort byggður á útreikningi á fjölda gesta yfir a.m.k. tveggja vikna dæmigert tímabil eða á meðaltalsfjölda (ef fjöldi gesta er ekki reiknaður öðruvísi)).

<sup>10</sup> Ef fyrirtækið nær einungis til rekstrar ráðstefnuadstöðu, þá samsvarar flatarmál ráðstefnuadstöðunnar heildarflatarmáli þess. Ef hótél er hluti af fyrirtækinu skal móttaka við inngang, gestaherbergi, baðherbergi, herbergi fyrir starfsfólk, auka geymslur og búr telja sem hluti af flatarmáli hótelsins. Ef veitingahús er hluti af fyrirtækinu skal flatarmál eldhúss, þ.m.t. uppþvottaadstöðu, matarbúr, þurrgeymslu, kæligeymsla og frystigeymsla ásamt öllu þjónustusvæði þ.m.t. morgunverðarsal, kvöldverðarsal og bar sem tengdur er kvöldverðarsal telja sem hluta af veitingahúsasvæði. Ráðstefnuadstaða sem notuð er einstaka sinnum svo sem í móttökusal, ráðstefnusal o.s.frv. eru talin með í flatarmáli ráðstefnuadstöðu.

<sup>11</sup> Ráðstefnugestur er gestur sem tekur þátt í viðburðum sem eiga sér stað í ráðstefnuadstöðu (sem getur einnig falið í sér annarskonar viðburði eins og sýningar eða tónleika). Einungis skal reikna ráðstefnugest sem matargest ef hann borðar morgunverð, hádegisverð eða kvöldverð á staðnum. Kaffihlé með einföldum veitingum dugir ekki til þess að ráðstefnugestur teljist til matargests á veitingastað. Ráðstefnugestur sem tekur þátt í 2 daga ráðstefnu/viðburðum telst vera 2 ráðstefnugestir. Ef ráðstefnugestur borðar 2 hádegisverði og 1 kvöldverð skal reikna hann einnig sem 3 matargesti. Fjöldi gesta má námunda að næsta þúsundi ef fjöldinn er yfir 100.000 og að næsta hundraði ef fjöldinn er undir 100.000.

Frekari upplýsingar um fyrirtæki/starfsemi sem hafa sundlaug:

	Upplýsingar frá fyrirtæki	Athugasemdir	Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt
Fjöldi sundlaugargesta <sup>12</sup>			Yfirlit yfir fjölda gesta (annað hvort byggt á fjölda í bókunarkerfi eða samsvarandi gögnum).
Fjöldi utanaðkomandi sundlaugargesta <sup>13</sup>			Yfirlit sem byggir á bókunarkerfi eða samsvarandi gögnum, eða á fjölda gesta (annað hvort byggður á útreikningi á fjölda gesta yfir a.m.k. tveggja vikna dæmigerðu tímabili eða á meðaltalsfjölda (ef fjöldi gesta er ekki reiknaður öðruvísi)).
<b>Gögn sem skal nota í Orkureiknivél</b>			
Sundlaugasvæði fyrir upphitaða sundlaug			
Tengd sundlaugasvæði <sup>14</sup>			

<sup>12</sup> Í þessu samhengi eru sundlaugargestir reiknaðir eins og hótलगestir.

<sup>13</sup> Utanaðkomandi sundlaugargestir eru gestir sem nota einungis sundlaugina en gista ekki á hótelinu. Utanaðkomandi sundlaugargestir teljast með í viðmiðunarmörkum fyrir vatnsnotkun, en ekki þarf að færa fjölda þeirra inn í orkulíkanið því það reiknar orkunotkun á hvern m<sup>2</sup> sundlaugasvæðis.

<sup>14</sup> Tengd sundlaugasvæði eru svæði sem tengjast notkun sundlaugar, eins og búningsklefar, sauna, sturtuklefar o.s.frv.



## Viðauki 2 Kemísk efni fyrir hótél, veitingastaði og ráðstefnusali

### Skjöl sem sýna að krafa sé uppfyllt

Í viðauka þessum kemur fram hvaða upplýsingum framleiðandi/birgir kemískra efna skal skila inn gegnum rafrænu umsóknarleiðbeiningarnar undir „Svansreikningurinn minn“ (My Swan Account).

Framleiðandi/birgir sem vill fá eftirlit með vörum sínum skal sækja um aðgang að Svansreikningi og samþykkja skilmála hans.

Allar innsendar upplýsingar eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Svansreikningurinn gefur einungis upplýsingar um að varan sé undir eftirliti ásamt vöruheiti og heiti birgis til þess fyrirtækis sem hefur sótt um Svansvottun. Sjá meira um öryggi í Notendasamningi.

### Vörur sem kröfurnar ná yfir

Kröfurnar eru settar fyrir óumhverfismerktar vörur til uppþvotta, þvotta á vefnaðarvöru, og hreinsiefna, sóttahreinsiefna, efna til að leggja í bleyti, skolefna, afkalkerandi efna, gólfumhirðuefna og sértækra hreinsiefna.

### Skilgreining á sértækum hreinsiefnum

**Eldhús:** Hreinsiefni fyrir uppþvottavélar og kaffivélar, stíflueyðir, kopar og silfur fægiefni, hreinsiefni fyrir frystigeymslur, efni til meðhöndlunar á ryðfríu stáli, fægiefni fyrir ryðfrítt stál o.s.frv.

**Þvottur:** Blettahreinsir, bleikiefni og samsvarandi efni.

**Þrif:** Blettahreinsir fyrir hart yfirborð, efni sem fjarlægir tyggjóklessur, teppahreinsiefni, stíflueyðir, hreinsiefni fyrir innahússþrif/veggi (interior cleaners) o.s.frv.

### Kröfur sem skal uppfylla

Vörur sem ekki eru umhverfismerktar má ekki flokka skv. töflunni hér fyrir neðan.

Flokkun	Hættumerki og hættusetningar samkvæmt tilskipun 67/548/EEB	CLP reglugerð nr. 1272/2008
Eitrað umhverfinu*	N með R50, R50/53, R51/53	Bráð eiturrif 1: H400 Langvarandi eiturrif 1, 2: H410, H411
	R52/53, R52, R53	Langvarandi eiturrif 3, 4: H412, H413
Krabbameinsvaldandi	Eitrað (T) með R45 og/eða R49 (Carc1 eða Carc2) eða Xn með R40 (Carc3)	Carc 1A/1B/2 með H350, H350i og/eða H351
Stökkbreytandi	T með R46 (Mut1 eða Mut 2) eða Xn með R68 (Mut3)	Mut 1B/2 með H340 og/eða H341
Eiturrif á æxlun	T með R60, R61, R64 og/eða R33 (Repr1 eða Repr2) eða Xn með R62, R63, R64 og/eða R33 (Repr3)	Repr 1A/1B/2 með H360, H361, H362

*Flokkunin gildir með tilliti til tilskipun ESB um Hættuleg efni nr. 67/548/EEB með síðari tíma breytingum og/eða CLP reglugerð nr. 1272/2008 með síðari tíma breytingum. Á aðlögunartímabilinu, þ.e. til 1.júní 2015, má nota flokkunarkerfið í tilskipun um hættuleg efni eða í CLP reglugerðinni. Eftir að aðlögunartímabili lýkur, gildir einungis flokkun samkvæmt CLP reglugerðinni.*

Varan má ekki innihalda eftirtalin efni<sup>15</sup>:

- Alkýlfenól etoxýlöt (APEO efni) eða alkýlfenól afleiður (APD)
- Díalýldímetýlammóníum klóríð (DADMAC)
- Línuleg alkýl bensen sulfónöt (LAS efni)
- Hvarfgjörn klórín sambönd
- Silfur-nanóagnir
- Efni sem miklar áhyggjur eru af, svokölluð forgangsefni (SVHC)
- PBT (þrávirk eitruð lífræn efni sem safnast upp í lífríkinu og eru eitruð) eða vPvB (mjög þrávirk lífræn efni sem safnast mjög mikið upp í lífríkinu), samkvæmt ESB reglugerð (EB) nr. 1907/2006, viðauka XIII, sjá <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:396:0001:0849:SV:PDF>

\* Undantekning frá banni við efnum sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu er gerð þegar flokkunin nær til innihalds fjörgildra ammóníum sambanda.

<sup>15</sup> Innihaldsefni á við um öll efni í vörinni, þar með talið aukefni (eins og rotvarnarefni og bindiefni). Undantekningin frá þessu eru óhreinindi frá framleiðsluferlinu sjálfu. Óhreinindi eru skilgreind sem efnaleifar frá hráframleiðslu sem eru í lokaafurðinni í styrkleika undir 100 ppm (0,0100% þyngdar, 100 mg/kg). Óhreinindi eru ekki efni sem er bætt meðvitað við innihaldsefni eða vöru í ákveðnum tilgangi, án tillits til magns. Efni sem þekkt er að losni úr innihaldsefnum teljast einnig vera innihaldsefni.

## Viðauki 4 Orkureiknivél Svansins og útreikningar á orkunotkun og losun koltvívíoxíðs

Til að reikna út hvort viðmiðunarmörk um orkunotkun séu uppfylltar, skal nota orkureiknivél Svansins. Orkureiknivélin verður tiltæk í rafrænum umsóknarleiðbeiningum, undir „Svansreikningurinn minn“.

Orkureiknivélin reiknar út markgildi sem er sérstakt fyrir fyrirtæki þitt (rafmagnsnotkun og upphitun) og losun koltvívíoxíðs. Markgildið er orkunotkun fyrirtækisins við bestu skilyrði og notuð er tækni sem er hagkvæm, tiltæk á markaðnum og að fullu samþykkt. Að teknu tilliti til markgildisins setur skrifstofa Svansins sínar viðmiðunarmörk fyrir orku, sem fyrirtækið þarf að uppfylla til að fá Svansvottun. Þessi viðmiðunarmörk eru aðeins rýmri en besta mögulega markgildi fyrirtækisins.

Markgildi er reiknað út frá ástandi fyrirtækisins, en byggir á stöðluðum gildum. Þessi stöðluðu gildi byggja á tölfræðilegum gögnum Orkustofnunar Svíþjóðar um hótél, veitingastaði og opinbera staði almennt. Gildin sem notuð eru í líkaninu eru með þeim lægri úr tölfræðilegu gögnunum.

Orkureiknivélin reiknar út markgildi á formi afhentar orku í kWst/m<sup>2</sup>, árlegrar orkunotkunar fyrirtækisins og árlegrar CO<sub>2</sub> losunar þess.

### Í orkureiknivélinni skal fyrirtækið gefa upp:

- Land, loftslagsbelti eða staðbundið meðalhitastig hvers mánaðar (í Noregi er skylda að tilgreina staðbundið meðalhitastig fyrir hvern mánuð).
- Meðalhitastig hvers mánaðar fyrir sama tímabil (ár) og uppgæfin orkunotkun. Hitastigsgögn skulu vera fyrir sömu staðsetningu eða frá svæði í nágrenni við staðinn þar sem hitastigsgögnin koma frá t.d. næstu veðurathugunarstöð.

- Fjöldi bygginga, tegund bygginga og flatarmál undir mismunandi starfsemi (það flatarmál hótels, veitingastaðar og ráðstefnuaðstöðu sem þarf að halda heitu upp að a.m.k. 10°C).

Nákvæmar upplýsingar um skipulag starfseminnar (fjöldi bygginga og tegund bygginga, fjöldi hæða, flatarmál undir mismunandi starfsemi) hefur áhrif á þann hluta markgildisins sem er reiknað út frá upphitun bygginga. Upplýsingar um hvort veggir liggja að annarri byggingu eða að opnu rými þurfa að koma fram, þar sem slíkt hefur áhrif á hitatap og hitaleiðni bygginga.

Markgildið er reiknað sérstaklega fyrir hvert svæði, þannig að stór bygging með mikið flatarmál er talin eyða meiri orku en minni bygging, en sama orkunotkun er þó á hvern fermetur. Gefa verður upp flatarmál allra þeirra bygginga sem fyrirtækið notar.

- Fjöldi gesta í hverri starfsemi.

Hluti orkunotkunar er háður fjölda gesta og tegund starfsemi. Líkanið er hannað þannig að ákveðin orkunotkun á hvern fermetra og á ári er helsti mælikvarðinn á orkunotkun fyrirtækisins.

- Breytileg starfsemi eftir árstíðum. Fyrir allar tegundir fyrirtækja er hægt að leiðrétta útreikninga eftir árstíðum, þar sem nýting hefur áhrif á rafmagnsnotkun og upphitun. Markgildið og viðmiðunargildið fyrir orkunotkun er leiðrétt með tilliti til þessa. Þörf fyrir upphitun er talin háð hitastigi utandyra (umhverfishitastigi), á meðan aðrar breytur stjórnast einungis af eðli starfseminnar, án tillits til umhverfishitastigs.
- Ef sundlaug eða heilsulind er til staðar, þarf að gefa upp flatarmál sundlaugarinnar (fermetrar vatnsyfirborðs) og flatarmál þess svæðis sem er tengt sundlauginni. Áætluð orkunotkun jafnar út orkunotkun sundlaugarinnar og þeirra svæða sem tengjast henni.
- Hvort þvottur er þvegin innan fyrirtækisins og/eða sendur til utanaðkomandi aðila. Magn þvottar skal gefið upp í kg. Gögn um magn þvottar skulu lögð fram (t.d. gögn um magn þvottar sem þvegin er innan fyrirtækisins eða staðfesting/skýrsla frá utanaðkomandi þvottahúsi um magn þvottar). Þetta á ekki við um daglegan þvott á moppum, afpurrkunarklútum o.s.frv., en á við um mikið magn þvottar, eins og sængurfatnað, handklæði og borðdúka. Ef þvottur er þvegin innan fyrirtækisins, skal orkunotkun við þvotta tekin með í þeirri orkunotkun sem fyrirtækið gefur upp. Bæta skal sama magni þvottar við markgildi með notkun orkuvísa fyrir þvott eins og þvotturinn væri þvegin hjá Svansvottuðu fyrirtæki.  
Ef þvottur er sendur til utanaðkomandi aðila, skal gefa upp hvort hann sé með Svansvottaða starfsemi eða ekki. Visst magn af orku og CO<sub>2</sub> losun bætist við gildi umsækjanda. Markgildið verður einnig leiðrétt skv. orkugildi Svansvottaðs þvottahúss, byggt á magni þvottar. Ef umsækjandi sendir þvott sinn til utanaðkomandi aðila sem er ekki Svansvottaður verður erfiðara fyrir fyrirtækið að ná markgildinu.

Orkureiknivélin reiknar út kolefnislosun frá orkuframleiðslu sem þýðir að tillit er tekið til losunar sem á sér stað við framleiðslu á þeirri orku sem fyrirtækið notar.

Eftirfarandi þættir fyrir mat á losun koltívoxiðs frá orkuframleiðslu eru notaðir:

**Koltvíoxíð losunarpættir**

<b>Koltvíoxíð losunarpáttur</b>	
Rafmagn	0.3852
Olíukynding í byggingunni	0.28082
Hitaveita	0.1243
Jarðgas	0.20442
Gas frá sveitarfélagi	0.281
LPG, própán	0.2342
Loftkæling	0.251

*Heimildir:*

1 *Energi&Miljöfakta*, [www.energiochmiljo.se](http://www.energiochmiljo.se).

2 *Nordic Ecolabelling's criteria for Textile Services 2.1 Appendix 3, with data from the Danish Energy Agency (2008): Energy Statistics 2007.*

3 *Nordic Ecolabelling's criteria for Grocery Stores*

## **Viðauki 5 Leiðbeiningar til að meta sjálfbærni vottun á fiski og skelfiski**

Svanurinn setur kröfur um staðla fyrir vottun á fiski og skelfiski. Kröfurnar eru teknar saman í þessum viðauka sem er uppfærður reglulega. Sérhver staðall og vottunarkerfi er prófað af skrifstofu Svansins til að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar.

### **Almennar kröfur um staðla fyrir sjálfbærnivottun fisks og skelfisks**

Eftirfarandi kröfur eiga bæði við um bæði villtan fisk og eldisfisk:

- Staðallinn skal uppfylla öll viðeigandi lög og samninga og vera í samræmi við alþjóðlega samninga og leiðbeiningar frá FAO og Sameinuðu þjóðunum (SP):
  - 1982 UN Convention on the Law of the Sea
  - 1995 UN Fish Stocks Agreement
  - FAO Guidelines for the ecolabelling of fish and fishery products from marine capture fisheries
  - FAO Guidelines for aquaculture certification
  - FAO Code of Conduct for Responsible Fisheries
- Í staðlinum skal gætt jafnvægis á milli hagrænna og umhverfislegra þátta. Staðallinn skal vera útbúin í opnu ferli þar sem hagsmunaðilar tengdir umhverfis-, efnahags-, og félagslegir málefnum koma að málum. Að lágmarki skal hafa farið opinber umræða og kynning á staðlinum.
- Staðallinn og meðfylgjandi skjöl hans skulu vera opinber.
- Staðallinn skal metinn og endurskoðaður reglulega þannig að ferlið er þróað og umhverfisáhrif minnkuð hægt og bitandi.
- Svanurinn leggur sérstaka áherslu á að staðallinn hafi algildar kröfur til verndar ólöglegum veiðum og skerðingu á líffræðilegum fjölbreytileika.

**Kröfur er varða staðla fyrir villtan fisk og skelfisk**

- Staðallinn skal innihalda kröfur um að ekki megi stunda ofveiði á fiskistofnum og þeim viðhaldið með þeim hætti að stuðlað sé að bestu nýtingu þeirra til langs tíma lítið.
- Mat á stöðu og þróun fiskistofna og á áhrifum fiskveiða á vistkerfi hafsins skal byggt á nægum áreiðanlegum og vísindalegum gögnum /upplýsingum.
- Staðallinn skal krefjast þess að tekið sé tillit til vistkerfa, þ.e. meta skal neikvæð áhrif fiskveiða.
- Staðallinn skal að hafa viðmið sem miða að því að lágmarka brottkast og veiði tegunda sem ekki má veiða. Þetta er hægt að uppfylla t.d. með áhættumati.

**Kröfur sem varða staðla fyrir eldisfisk og skelfisk**

- Staðallinn skal innihalda viðmið um umhverfisþætti sem tryggja sjálfbært eldi sem felur í sér kröfur til veiða þegar verið er að útvega fóður.
- Heilsa og velferð dýra.
- Öryggi matvæla.

**Kröfur um vottunarkerfi og vottunaraðila**

- Vottunarkerfið skal vera gagnsætt, samþykkt og trúverðugt bæði innanlands og alþjóðlega og geta sannreynt að kröfur staðalsins séu uppfylltar.
- Vottunaraðili skal vera óháður og traustur, þ.e. vottun verður að framkvæma af hálfu óháðs, samþykks þriðja aðila sem metinn er hæfur.
- Vottunarkerfið skal henta til að sannreyna að kröfur staðalsins hafi verið uppfylltar. Aðferðir sem notaðar eru til vottunar skal vera hægt að endurtaka og skulu þær eiga við um fiskveiðar og fiskeldi. Vottun skal eiga sér stað samkvæmt ákveðnum staðli.
- Eftirlit þarf að fara fram á ástandi fiskveiða/fiskeldis áður en vottorð er gefið út.
- Reglulega skal hafa eftirlit með og skoða vottaðar fiskveiðar/fiskeldi.

**Kröfur um CoC (Chain of Custody) vottun**

Kröfu um CoC má meta ef kröfur frá yfirvöldum þarfnast viðbóta:

- Varan skal vera rekjanleg í gegnum framleiðslukeðjuna a.m.k. með þeim hætti að vitað sé um veiðisvæði, vöruheiti (vísindalegt heiti) og framleiðsluaðferð (villtur/eldis fiskur) (ref.: reglugerð nr. 104/2000/EB sem gildir einungis um óunnar vörur).
- Vottunaraðili fyrir CoC vottun skal vera óháður og traustsins, þ.e. vottun skal framkvæma af hálfu óháðs, samþykks þriðja aðila sem metinn er hæfur.
- Kerfið skal setja kröfur til CoC keðjunnar um að rekjanleiki, skjalaskráning og eftirlit með allri framleiðslukeðjunni sé tryggður.

**Skjöl til staðfestingar**

- Afrit af staðali
- Upplýsingar um tengilið (nafn, heimilisfang og símanúmer) þeirra samtaka sem hafa þróað staðalinn og endurskoðunar skýrsla.
- Vísun á hagsmunaaðilar sem boðið var að taka þátt í þróun staðalsins.

Vinsamlegast athugið að skrifstofa Svansins getur krafist frekari skjala/gagna við athugun á kröfum staðals og vottunarkerfisins.

## Viðauki 6 Matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu

Matvæli og drykkjarföng framleidd í nágrenninu geta verið bæði ræktuð og veidd eða tínd. Svanurinn samþykkir matvæli sem framleidd eru í nágrenninu ef uppruni vörunnar (bóndabær, höfn/bryggja, óbyggðir eða skóglendi) er þekktur og ef öll ræktun/veiði/tínsla/vinnsla og geymsla hefur átt sér stað innan 250 km radíusar frá fyrirtækinu og ef hægt er að rekja vöruna með beinum hætti frá veitingastaðnum og til upprunastaðarins (bóndabær, höfn/bryggja, óbyggðir eða skóglendi). Fyrir fyrirtæki sem eru staðsett fyrir norðan 62°N er 500 km radíus ásættanlegur.

Ef vörur framleiddar af fyrirtækinu sjálfu eru notaðar er hlutfall þeirra gefið upp sem þyngd eða rúmmál. Vín, áfengi, kaffi og te eru ekki tekin með í þann útreikning.

Ef varan er unnin í verksmiðju (unnin/hálf-unnin) er nóg að tilkynna helstu innihaldsefni.

Matvæli/Drykkjarföng	Uppruni vöru (bóndabær, höfn/bryggja, óbyggðir eða skóglendi)	Fjarlægð frá uppruna vörunnar til veitingastaðar	Rúmmál

Heildarrúmmál innkeyptrar vöru: \_\_\_\_\_

Magn vöru sem er framleidd í nágrenninu: \_\_\_\_\_

Dags.	Ábyrgðaraðili (nafn með stórum stöfum)
Sími	Undirskrift ábyrgðaraðila